



SKOÐUN Hjúkrunarfræðingar geta gripið tækifæri utan ríkisspítala segir Sigríður Á. Andersen. **12**



LÍFIÐ Helga Dögg og Gréta Hanna allan varning og kynningarefni fyrir Druslugönguna. **26**



SPORT Aníta Hinriksdóttir vann til bronsverðlauna í 800m hlaupi á EM ungmenna í Eskilstuna um helgina. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

20. júlí 2015
168. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Engir óskabrunnar

Landverðir á Þingvöllum hafa vart undan að hreinsa Flosagjá, Drekkingshyl og Öxará af smápeningum sem ferðamenn henda þar ofan í og virðast halda að um óskabrunna sé að ræða. **2**

Ósáttur hóteleigandi Eigandi Hótel Bjargs er óánægður með að Minjavernd leigi Fosshótelum Franska spítalann á Fáskrúðsfirði. **2**



Ókeypis meðferð Ekki er til fjármagn í meðferðir kynferðis-afbrotamanna að sögn sálfræðings hjá Fangelsismálastofnun, sem veitt hefur slíka aðstoð endurgjaldslaust. **4**

Undrast mjólkurhækkun Forystumenn ASÍ og BSRB undrast ákvörðun verðlagsnefndar að hækka verð á mjólkurvörum. Gylfi Arnbjörnsson segir hækkunina „algjörlega örökstudda“. **4**



3 SÉRBLÖÐ Fasteignir Snjallsímaforrit | Fólk



Pólskur hjúkrunarfræðingur fær leyfi eftir átta ára baráttu

Landlæknisembættinu er nú gert að heimila pólskum hjúkrunarfræðingi að starfa á Íslandi. Sótti fyrst um leyfi árið 2007. Lögmaður hjúkrunarfræðingsins segist furða sig á málsmeðferðinni og á vinnubrögðum yfirvalda.

ATVINNA Velferðarráðuneytið hefur gert Landlæknisembættinu að heimila pólskum hjúkrunarfræðingi að starfa sem slíkur.

Konan, sem sótti fyrst um starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi árið 2007, er fædd í Póllandi. Hún lauk námi sem hjúkrunarfræðingur árið 1985 og starfaði sem slíkur í Póllandi í 20 ár.

Þegar konan kom til Íslands sótti hún um starfsleyfi sem sjúkraliði og byggði það á menntun sinni sem hjúkrunarfræðingur.

Starfsleyfi konunnar sem sjúkraliði var gefið út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu árið 2007. Síðar sama ár sótti hún um

starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur.

Niðurstaða landlæknis, sem síðan var staðfest af velferðarráðuneytinu, byggði á afstöðu hjúkrunararráðs sem taldi konuna ekki uppfylla viðmið um menntunarstig.

Ráðuneytið sendi þau gögn, sem konan lagði fram við meðferð málsins, til stjórnvalda í Póllandi til þess að fá frekari skýringar á námi hennar, starfsheiti og viðeigandi vottorðum og hvort þau væru í samræmi við reglur um slík starfsleyfi.

Í svörum frá Póllandi er staðfest að konan uppfylli vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem

heimili henni að starfa þar í landi. Hún uppfylli Evrópustaðla um áunnin réttindi og starfsreynslu.

Kári Hólmarrson, lögmaður konunnar, undrast langa málsmeðferð og vinnubrögðin. Ekkert hafi breyst í málinu frá byrjun.

„Hún sótti um leyfi frá ráðuneytinu og fékk nei. Hún kærði þá ákvörðun og fékk aftur nei,“ segir Kári. Konan hafi þá ráðið lögmann.

„Eina sem vantaði var að ráðuneytið nýtti sér samevrópskt samskiptakerfi til að spyrja pólsk yfirvöld hvort menntun hennar væri í samræmi við Evróputilskipunina og þau svöruðu bara já.“ - fbj



“Ráðuneytið nýtti sér samevrópskt samskiptakerfi til að spyrja pólsk yfirvöld hvort menntun hennar væri í samræmi við Evróputilskipunina og þau svöruðu bara já.”

Kári Hólmarrson lögmaður.



HOPPANDI GLEÐI Síamótinu lauk í gær eftir fjöruga helgi hjá um tvö þúsund keppendum í Kópavogi. Heimastúlkur úr Breiðabliki hömpuðu meistaratitlinum í 6. flokki. FH tók titilinn í 5. flokki og Stjarnan er Síamótsmeistari 2015 í 7. flokki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar segir ákveðnum endapunkti náð: Ferðamenn borgi fyrir björgun

ÖRYGGISMÁL „Það er náttúrulega engin glóra í því að það sé bara fritt að fara hér inn á hálendið yfir veturinn með vélar og verkfæri að sækja fólk sem gefst upp í einhverri gönguferð,“ segir Smári Sigurðsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Nú er til skoðunar að rukka ferðamenn í auknum mæli fyrir þjónustu björgunarsveita. „Það er þegar byrjað að rukka ferðamenn þar sem verið er að fara inn á lokada vegi og sækja fólk sem hefur fest bílana sína,“ segir Smári. Einnig hafi ferðamenn sem hafi

vilja láta sækja sig á hálendið, en hafi ekki verið í neyð, verið krafðir um greiðslu.

Útköll hjá björgunarsveitum sem boðuð voru af Neyðarlínu voru nær tvöfalt fleiri árið 2014 en árið 2013. Björgunarsveitir sinntu 1.386 slíkum verkefnum á síðasta ári. Smári spyr hve mikið hægt sé að leggja á björgunarsveitarmenn, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem fjölgun útkalla hafi verið hvað mest.

„Ég held að við séum kominn á endapunkt í þessum efnum,“ segir Smári Sigurðsson.

- ih / sjá síðu 6

Íslenskir tölvuleikir í útrás: Quizup gengur vel á Indlandi

VIÐSKIPTI Íslenskir leikjaframleiðendur huga nú að markaðssetningu á Indlandi. Áætlað er að Indverjar verði yngsta þjóð heims árið 2020.

Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, rekstrarstjóri hjá Plain Vanilla, segir að fyrirtækið ekki hafa áttað sig strax á vinsældum Quiz-up á Indland þar sem enskukunnátta er mikil. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel,“ segir Gunnar Hólmsteinn.

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP, segir að fyrirtækið hafi fylgst vel með framvindunni undanfarið, einkum með möguleika á markaðssetningu nýrra leikja í huga.



GUNNAR H. GUÐMUNDSSON

- jhh / sjá síðu 8

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis

54
FYRIR
AF ÖLLUM PIZZUM

2 pizzur í pakka 299 kr.

Iceland

VEÐUR



Það verður áfram leiðinda norðanátt í dag, þótt hún verði hægari en í gær. Rigning fyrir norðan og hiti 5 til 10 stig. Skúrir sunnanlands, en ef sólin nær að brjóta fram milli skúra gæti hitinn náð 15 stigum.

SJÁ SÍÐU 16

Fjörutíu athugasemdir bárust skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um breytingar á deiliskipulagi:

Telja borgina vinna þvert á aðalskipulag

REYKJAVÍK „Gamla lóð Blómavals hefur verið minnkuð en ég tel hana auglýsta í aðalskipulagi sem þróunarreit. Þar segir að á lóðinni eigi bara að vera íbúðir. Stækkunin á Grand hóteli er síðan færð inn á þetta svæði. Það er einn liður í mínu nöldrí,“ segir Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt um fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi lóða númer 38 og 40 við Sigtún í Laugardal.

Margrét er ein af fjörutíu sem sendu Reykjavíkurborg athugasemdir við breytinguna. Í breytingunni felst að lóð 38, þar sem Grand hóteli stendur nú, verði stækkuð inn á lóð 40, þar sem Blómaval stóð áður. Þá mun

lóð 40 minnka á móti. Stækkun Grand hótels verður heimilud á svæðinu sem áður tilheyrði lóð 40. Til stendur að reisa sex íbúðabyggingar á lóð 40. Margrét segir einnig í ólagi að hluti af þeim íbúðabyggingum sem eiga að rísa á svæðinu verði allt að sex hæðir en samkvæmt aðalskipulagi eiga byggingar á reitnum að vera fimm hæða.

Undir þetta tekur Árni Björn Björnsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands, en hann gerði athugasemdir við breytinguna í nafni félagsins. „Við óskum eftir því að húsin sem liggja næst húsi Verkfræðingafélagsins verði lækkuð um eina hæð.“



NÝBYGGINGAR Samkvæmt breytingum á deiliskipulagi munu íbúðabyggingarnar líta einhvern veginn svona út. MYND/REYKJAVÍKURBORG



HARKA Mikið gekk á þegar Rugbyfélag Reykjavíkur keppti við áhöfn breska herskipsins Somersset. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Rugbyfélag Reykjavíkur sigraði áhöfn bresks herskips í gær: **Harður leikur og mikið gekk á**

MANNLÍF „Þótt lokastaðan hafi verið svona þá var þetta mjög harður leikur og mikið gekk á,“ segir Kristinn Þór Sigurjónsson, formaður Rugby Ísland, en Rugbyfélag Reykjavíkur vann í gær 33-5 sigur á áhöfn breska herskipsins Somersset. Fyrir í vikunni bar félagið sigur úr bótum í leik gegn áhöfn franska herskipsins Primauguet.

Tvö íslensk rugbylið mæta liðum frá Bretlandi í örmóti í ólympísku rugbyi næsta laugardag á Ásvöllum. Mótið hefst klukkan tíu. - þea

Hótelstjóri ósáttur við útleigu Minjaverndar

Eigandi Hótel Bjargs á Fáskrúðsfirði er ósáttur við að Minjavernd skuli leigja út gístaðstöðu Franska spítalans til Fosshótela. Framkvæmdastjóri Minjaverndar segir að allir hefðu getað átt kost á að leigja en Fosshótel urðu fyrir valinu.

BYGGÐAMÁL „Þeir byggðu fyrir skömmu Franska spítalann, ég hef ekkert nema gott um það að segja, og þau eru með hótelaðstöðu þarna, eru með 28 herbergi eða svo. En núna frétti ég af því að þau eru að bæta við 20 eða 40 herbergjum í viðbyggingu sem bætist við þetta,“ segir Karvel Ögmundsson, eigandi Hótel Bjargs á Fáskrúðsfirði.

Hótel Bjarg er skammt frá hóteli Fosshótela í Franska spítalanum á Fáskrúðsfirði.

Karvel er ósáttur við að Minjavernd, sem byggði Franska spítalann, skuli leigja gístaðstöðu hússins til Fosshótela.

„Minjavernd er að byggja þetta og Fosshótel er að leigja af þeim. Svo sáu þeir fram á það að Franski spítalinn væri of lítill með 28 herbergi og Minjavernd ákveður að gera þetta stærra. Og það er það sem ég er ósáttur við; að þeir eru komnir út í beina samkeppni við mig.“

Karvel segir erfitt að standa í samkeppni og að ekki bæti úr skák að Fjarðabyggð skuli leigja hluta Franska spítalans, sem safn sem trekki ferðamenn að Fosshótelum.

„Það er mun minni velta í ár en í fyrra og ég er meira að segja búinn að lækka verðið til að vera samkeppnishæfur. Ef þetta heldur svona áfram er ég bara búinn að vera,“ segir Karvel.

„Minjavernd hefur nú aldeilis leigt húsnæði út og suður og hefur gert það í yfir 30 ár,“ segir Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar.

„Hún lifir á því að leigja út hús-



HÓTEL BJARG Eigandi Hótel Bjargs hefur áhyggjur af samkeppninni við Fosshótel. MYND/ADSEN

næði bæði í Reykjavík og úti á landi.“

Minjavernd er ekki á fjárhagslegu framfæri ríkisins né Reykjavíkurborgar þó að þessir aðilar séu hvor um sig eigendur að Minjavernd.

Spurður út í það hvort Minjavernd stundi opin útboð við útleigu á húsnæði sínu segir Þorsteinn að allur gangur sé á því. Íslandshótel, sem eru eigandi Fosshótela, hafi reynt vel.

„Minjavernd hefur átt ágætt samstarf við eigendur Íslandshótela. Þegar þessi hugsun kemur upp austur á landi þá var það einfalt mál. Það var enginn annar sem hafði áhuga á að reka hóteli á þeim tíma á þeim stað. Við eigum alveg



„Ef þetta heldur svona áfram er ég bara búinn að vera.“

Karvel Ögmundsson, eigandi Hótel Bjargs á Fáskrúðsfirði.

þrýðisgóða sögu með Íslandshótelum.“

Þorsteinn segir að kynning á Franska spítalanum hafi farið fram innan Fjarðabyggðar löngu áður en gengið var til samninga við Fosshótel.

„Þannig að ef aðrir hefðu haft áhuga þá hefðu þeir getað látið í sér heyrta.“ stefanraf@frettabladid.is

Kanslarinn útilokar ekkert: **Merkel skoðar að lækka vexti**

PÝSKALAND Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði í viðtali við fréttastofu ARD í gær að hún væri tilbúin að skoða lækkan vaxta og frestun afborgana á skuldum Grikkja. Þó einungis þegar nýr samningur um neyðarástandið fyrir Grikkjum verður að veruleika með tilheyrandi breytingum í ríkisrekstri Grikklands.

Bæði Grikkir og Alþjóðagjaldveyrissjóðurinn hafa talað fyrir því að undanförunu að eina leiðin út úr kreppu Grikkja væri með umfangsmiklum breytingum á skuldum Grikklands. Grikkir skulda nú andvirði um 47.000 milljarða króna. - þea

Vísitala júnímánuðar komin: **Stúdíóíbúðir dýrastar í leigu**

NEYTENDAMÁL Fermetraverð á stúdíóíbúð miðsvæðis í Reykjavík er tvöfalt hærra en á þriggja herbergja leiguíbúð í Garðabæ og Hafnarfirði. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Þjóðskrá.

Tölurnar sýna að leiguverð á stúdíóíbúðum miðsvæðis hefur aldrei verið jafn hátt og nú, eða 3.412 krónur fermetrinn. Stúdíóíbúðir eru alla jafna íbúðir með svefnskoti, stofu og eldhúsi í sama rými en lokuðu þaðherbergi.

Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallslega ódýrast að leigja fjögurra til fimm herbergja íbúð í Mosfellsbæ. - snæ

Pirraðir landverðir hreinsa burt erlenda mynt úr gjám og ám á Þingvöllum:

Halda Drekkingshyl óskabrunn

FERÐAÞJÓNUSTA Landverðir á Þingvöllum hafa vart undan að hreinsa Flosagjá, Drekkingshyl og Öxará af smápeningum sem ferðamenn henda ofan í. Svo virðist sem ferðamenn líti svo á að um óskabrunna sé að ræða.

Guðrún Kristinsdóttir, yfirlandvörður á Þingvöllum, segir landverði reyna að stemma stigu við vandanum. „Það er okkur í óþökk að fólk sé að henda peningum alls staðar. Að henda í Drekkingshyl er í hæsta máta þversögn við hlutverk Drekkingshyla í okkar sögu. Að gera hann að einhverjum óskabrunni.“

Frá upphafi tuttugustu aldar hefur tíðkast að kasta smámynt í Peningagjá, öðru nafni Nikulásargjá.

„Fólk kallar Peningagjá á Þingvöllum óskabrunn, sem er bara bjánalegt. Óskabrunnar hafa aldrei verið til á Íslandi þótt þeir hafi verið til í evrópskum þjóðsögum,“ segir Guðrún.

Hún segir að vel gangi að hreinsa úr ánni. Það sé þó öllu erfiðara að hreinsa úr Drekkingshyl, enda sé hann djúpur og landverðir vilji ekki leggja sig í hættu.

Klinkinu er safnað saman í krukku á skrifstofu



PENINGAGJÁ Leikskólabörn virða fyrir sér peningana. Gjáin er ekki óskabrunn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

landvarða. „Ég veit að þetta hljómar eins og argasta klisja. Þegar ég fer til útlanda þá tek ég þetta með mér og set þetta í söfnunaruslagið hjá Icelandair. Við kunnum ekki við að henda þessu.“ - snæ

Ú

ÚRVAL ÚTSÝN

SÓLARDAGAR

20.-21. JÚLÍ

FERDIR Í SÓLINA Í ÁGÚST Á BETRA VERDI

TENERIFE

MARYLANZA APARTHOTEL ★★★★★

19.-26. ágúst. Íbúð með einu svefnherbergi.

FRÁ 89.900 KR.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn – fullt verð 99.400 kr.

SJÁ NÁNAR Á [UU.IS/SOLARDAGAR](http://uu.is/solardagar)

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is



Langastöng
Segðu sí!

2.490 kr. staðgreitt



iGrill Mini Bluetooth
Kjöthitamælir

8.990 kr. staðgreitt



Nova tjald
Fyrir útileguna

3.490 kr. staðgreitt

SUMARIÐ HJÁ NOVA



Nova stuðpinni
Fyrir hleðsluna

1.890 kr. staðgreitt



Beats Pill 2.0
Fyrir stemmarann

29.990 kr. staðgreitt



UrbanEars Plattan
Fyrir tónlistina

9.490 kr. staðgreitt



Nova regnhattur
Fyrir greiðsluna

990 kr. staðgreitt



Nova tólaskjól
Fyrir öryggið

590 kr. staðgreitt



Nældu þér í frítt eintak fyrir útileguna!



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

SPURNING DAGSINS



Valur, ertu vængbrotinn?

„Já, ég er það. Ég flýg að minnsta kosti ekki á Þjóðhátíð.“

Valur Stefánsson er óánægður með takmarkanir á flugumferð til Vestmannaeyja um verslunarmannahelgina. Valur er formaður Félags Íslenskra einkaflugmanna.

Formaður BSRB segir að hækkun á mjólkurvöru og smjöri komi niður á neytendum og bændum: Segir úrelt að nefnd ákveði verð á búvöru

NEYTENDAMÁL Mjólk og mjólkurafurðir hækka um 3,5 prósent um næstu mánaðamót samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar búvöru. ASÍ og BSRB ákváðu fyrr á þessu ári að tilnefna enga fulltrúa fyrir hönd launþegahreyfingarinnar í nefndina.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, lítur ekki svo á að það hafi verið mistök að taka ekki þátt í nefndinni. „Það er alveg klárt að þetta fyrirkomulag er löngu búið að ganga sér til húðar.“

„Þegar við tókum þessa ákvörðun þá gerðum við kröfu til þess að þessi grein yrði felld undir ákvæði samkeppnislaga um samráð og fákeppni.“

Hann segir nefndina aldrei hafa haft aðgang að gögnum sem þurfti til að ræða verðlag með eðlilegum hætti. „Þessi ákvörðun núna um hækkun er algjörlega örökstudd. Ég skora á samkeppnisyrfirvöld að fara í saumana á þessu.“

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, tekur í sama streng. „Ég var mjög undrandi hversu há hækkunin væri til iðnaðarins. Það eru bændur og neytendur sem bera þennan kostnað fyrst og síðast.“

Hækkunin á mjólkurvöru nemur 3,58 prósentum. Nema verð á smjöri sem hækkar um 11,6 prósent.



GYLFI ARNBJÖRNSSON



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

- snæ



AFHJÚPUN Þær Vigdís Finnbogadóttir, Agnes M. Sigurðardóttir og Hildur Hákonardóttir afhjúpuðu minningarmarkið. MYND/AXEL Á NJARÐVÍK

Minningarmark var afhjúpað um Ragnheiði á Skálholtshátíð:

Biskupsdóttur minnst í Skálholti

Á Skálholtshátíð sem haldin var um helgina var afhjúpað minningarmark um Ragnheiði Brynjólfsdóttur

Hún var dóttir Brynjólfs Sveinssonar, biskups í Skálholti, sem fæddur var að Holti í Önundarfirði. Ragnheiður átti í ástarsambandi við kennara sinn, Daða Halldórsson. Faðir hennar fordæmdi samband þeirra og neyddi dóttur sína til þess að sverja eið þess efnis að hún hefði ekki átt í holdlegu sambandi við Daða né nokkurn annan mann. Níu mánuðum síðar ól hún barn.

Auk þessa var haldin iðrunar- og yfirbátarstund. „Stefið var það hvernig farið var með konur fyrr á öldum,“ segir séra Halldór Reynisson. Á Skálholtshátíðinni söng Vörðukórinn vers úr sálmi Hallgríms Péturssonar, Allt eins og blómstrið eina. Talið er að sálmurinn hafi fyrst verið sunginn við útför Ragnheiðar.

- jhh

Óvenjuleg ofankoma í júlí: Snævi þakin jörð í Drekgali

NÁTTÚRA Snævi þakin jörð blasti við skálaverði og gestum í Drekgali við Öskjuvatn á sunnudagsmorgun. Svæðið er í Vatnajökulsþjóðgarði. Óvenjulegt er að svo mikil snjókomu verði á þessum árstíma.

Haukur Björnsson, skálavörður í Drekgali, birti mynd af snjónum á Facebook-síðu sinni í gær.

Samkvæmt Veðurstofunni fer hiti ekki niður fyrir frostmark á svæðinu næstu daga og snjórinn mun því hverfa fljótt.

- af, gj

Auglýsa stöðu saksóknara: Nýtt embætti með ákærvald

STJÓRNISYSLA Innanríkisráðuneytið hefur auglýst stöðu nýs héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara. Embættið tekur til starfa þann 1. janúar næstkomandi.

Alþingi samþykkti lög á síðasta þingi um stofnun embættisins. Er því ætlað að fara með ákærvald á lægra ákærvaldsstigi en hjá saksóknara, en því sama og hjá lögreglustjóra.

Héraðssaksóknari skal hafa sömu hæfni og héraðsdómari. - snæ

Ekki fé til meðferðar kynferðisbrotamanna

Ekki er til fjármagn né mannskapur til þess að sinna meðferðum fyrir kynferðisafbrotamenn að sögn Önnu Kristínar Newton, sálfræðings hjá Fangelsismálastofnun. Þó kemur það fyrir að skylda sé lögð á dómþola að sæta meðferð.

SAMFÉLAG „Það er alltof lítið gert af því að dæma menn til meðferðar. Þó þarf einhver að greiða fyrir meðferðina, vandinn liggur kannski í því,“ segir Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.


Anna bendir á að ekki sé til fjármagn og mannskapur til þess að sinna meðferðum fyrir kynferðisafbrotamenn þrátt fyrir heimild dómara til þess að dæma þá til meðferðar. Hjá Fangelsismálastofnun starfi tveir sálfræðingar sem sinna meðferðum þeirra sex hundruð einstaklinga sem hlotið hafa dóm.

Anna er einn helsti talsmaður þess að gerendur kynferðisofbeldis fái meðferð og er ein af fáum hér á landi sem veita slíka meðferð. Hún telur að slík meðferð geti skipt miklu máli. Rannsóknir sýni að hægt sé að lækka ítrekunartíðni kynferðisbrota um helming með því að veita meðferð.

„Aðalvandinn er sá að ekki er til markvisst úrræði né fjármagn til þess að veita kynferðisafbrotamönnum viðeigandi meðferð,“ segir Anna sem hefur þurft að veita kynferðisafbrotamönnum meðferðir án endurgjalds. „Það er þó ekki hægt að gera það endalaust ókeypis.“

Í dag afplána tveir einstaklingar skilorðsbundinn dóm gegn því að þeir sæti meðferð.

„Það var þó í raun óljóst hver ætti að veita þá meðferð. Fangelsismálastofnun fær enga fjármuni til þess að framkvæma hana. Hvernig eigum við þá að geta sinnt því? Í augnablikinu erum við



FJÁRMAGN SKORTIR Í dag afplána tveir einstaklingar skilorðsbundinn dóm gegn því að sæta meðferð. Myndin er sviðsett. MYND/GETTY

bara með tvo slíka einstaklinga í meðferð hjá okkur og þá sinnum við því auðvitað þrátt fyrir að fá ekki fjármagn til þess.“

Þá bendir Anna á að það þurfi að vera skýrt þegar menn eru dæmdir til meðferðar um hvaða meðferð er að ræða. Dómarar þurfi að ganga úr skugga um að hún sé viðunandi og til þess fallin að taka á hegðun gerandans.

„Þú sendir ekki geranda kynferðisofbeldis í áfengismeðferð eða þunglyndismeðferð,“ segir Anna, sem kveður þá sem afplána refsidóm alla jafna ekki hættulega samfélaginu á meðan þeir sitja í fangelsi. Áhættan komi hins vegar fram þegar einstaklingurinn hefur lokið afpláun og fer aftur út í samfélagið.



„Þú sendir ekki geranda kynferðisofbeldis í áfengismeðferð eða þunglyndismeðferð.“

Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

„Þess vegna finnst mér að þrátt fyrir skort á fjármunum og sálfræðingum þá ætti að veita markvissari meðferðir sem hluta af dómi.“

nadine@frettabladid.is



Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma 568 7777 og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri styrkirfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Björgunarsveit var kölluð út á Selfossi og í Þorlákshöfn vegna hvasuviðris: Stíf norðanátt um miðjan júlí

VEÐUR Björgunarsveit Árborgar var kallað út á Selfossi snemma í gærmorgun vegna óveðurs. Veðurstofan hafði varað við miklum vindi aðfaranótt sunnudags og fram eftir degi á Suðurlandi.

Trampólín og annað lauslegt fauk af stað á Selfossi en björgunarsveitarfólk sótti það sem fokið hafði og batt það niður.

Viðar Arason, svæðisstjóri hjá Landsbjörg á Suðurlandi, segir að svo mikill vindur sé óeðlilegur um miðjan júlí á Íslandi. Eitt útkall var í Þorlákshöfn þar sem húsbíll fauk á hliðina. Innanborðs voru ferðamenn en enginn slasaðist.

Veðurstofan segir að hvöss norðanátt hafi verið um allt land í gær en þó mest á Suður- og Vesturlandi.

Veðrið gekk niður eftir því sem



ÚTKALL Í ÞORLÁKSHÖFN Húsbíll fauk á hliðina á sunnudagsmorgun. Allir sluppu ómeiddir. MYND/VIÐAR ARASON

leið á daginn en þó má búast við áframhaldandi vindi í vikunni.

Teitur Arason veðurfræðingur

ur segir að það komi „leiðinda norðanátt“ á hverju sumri.

- gj



Way of Life!

GOLFKERRURNAR OG GOLFARARNIR!

ALLT KEMST FYRIR!

S.CROSS

VERÐ KR.

4.780.000

DYNAMO REYKJAVIK



Suzuki

S.CROSS er öflugur, fjórhjóladrifinn snillingur með ríkulegan staðalbúnað. Meðaleyðsla er aðeins 5,7 l/100 km sjálfskiptur.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

ALLGRIP

All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokk. Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver var fjöldi ferðamanna hér á landi í júní?
2. Hvenær er áætlað að Costco opni á Íslandi?
3. Hver fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Webcam?

SVÖR:
Þósdóttir
1. 137.000 2. Sumarið 2016 3. Anna Háfr

Stjórnarandstæðingur gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir hægagang í málefnum ferðaþjónustunnar: Segir „bráðabirgðareddingar“ duga skammt

STJÓRNSÝSLA Tæplega milljarður króna sem fer til brýnnar uppbyggingar og verndunar ferðamannastaða í sumar duga skammt, að mati fulltrúa Vinstri grænna í atvinnuveganefnd Alþingis. Ráðist verður í rúmlega hundrað verkefni á 51 stað. Unnið verður í öryggismálum við Gullfoss og gerðir nýir göngustígar og útsýnispallur, auk þess sem hönnuð verður öryggisgirðing vegna grjóthruns við fossinn. Mest verður framkvæmt í Skaftafelli og á Þingvöllum, við Geysi, í Dimmuborgum, á miðhálandinu, við Gullfoss, Dyrhólaey, Dynjanda, Stöng í Þjórsárdal og Dettifoss. Ver-

efnin eru af ýmsum toga en megináhersla er lögð á grunnvinnu, svo sem göngustíga, bílastæði og salernisaðstöðu. Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaformaður atvinnuveganefndar og þingmaður Vinstri grænna, gagnrýnir hægagang ríkisstjórnarinnar og segir aðgerðirnar duga skammt. „Ég er því miður hrædd um að þetta sé svona bráðabirgðaredding“, segir Lilja Rafney, sem kveður stefnumótum í málafloknum algerlega vanta. „Ef við ætlum að taka á móti þessum gífurlega ferðamannafjölda sem blasir við þá verða innviðirnir að vera í lagi.“



LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR Segir ráðstafanir stjórnvalda „eins og að pissa í skóinn sinn“.



BRIARD Hundurinn sem beit var af þessari tegund. MYND/GETTY

Hundur beit á barn á Dalvík: Beit þriggja ára dreng í andlitið

INNLENT Hundur af tegundinni Briard beit þriggja ára dreng í andlitið á Dalvík á föstudaginn var.

Sauma þurfti þrjú spor í efri vör drengsins sem fór í sundur, auk þess sem hundurinn beit stærra stykki úr sömu vör. Felix Jósafatsson, varðstjóri á Dalvík, segir rannsókn á frumstigi.

Drengurinn mun hafa verið að leik með öðrum börnum í götunni þegar hundurinn kom að þeim. Börnin eltu hundinn að húsi þar sem hann á til að dvelja og þar beit hann drenginn í andlitið. - ar

Bill Cosby sekkur dýpra: Keypti þögn viðhalda sinna

BANDARÍKIN Bandaríski leikarinn Bill Cosby greiddi viðhöldum sínum fyrir að segja konu hans ekki frá framhjáaldinu. Þetta kemur fram í tíu ára gömlum vitnisburði Bills Cosby.

Cosby greindi frá þessu er hann bar vitni í máli sem fyrrverandi samstarfskona hans höfðaði gegn honum þar sem hún ásakaði hann um að hafa byrjað henni ólyfjan og nauðgað.

Í vitnisburði Cosby kemur einnig fram að hann hafi talið sig færan í að taka eftir líkamstjáningu kvenna sem hann taldi benda til að þær vildu sofa hjá honum. - þea



Á VAKTINI Stærsta verkefni björgunarsveitanna á síðasta ári var vegna eldgossins í Holuhrauni. Alls unnu björgunarsveitarmenn í tíu þúsund klukkustundir vegna gossins. Hér sjá björgunarsveitarmenn til þess að lokanir vega að gosstöðvunum séu virtar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íhuga að ferðamenn borgi meira fyrir björgunarstarf

Björgunarsveitir sinntu nær tvöfalt fleiri útköllum árið 2014 en árið áður. Formaður Landsbjargar spyr hve mikið hægt sé að leggja á menn í sjálfböðavinnu. Til skoðunar er að rukka erlenda ferðamenn í auknum mæli.

SAMFÉLAGSMÁL Útköll hjá björgunarsveitum sem boðuð voru af Neyðarlínu voru nær tvöfalt fleiri árið 2014 miðað við árið 2013. Björgunarsveitir sinntu 1.386 slíkum verkefnum á síðasta ári.

Smári Sigurðsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, spyr hve mikið hægt sé að leggja á björgunarsveitarmenn, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem fjölgun útkalla hafi verið hvað mest. „Þessar sveitir hafa orðið fyrir miklum útgjaldaauka. Þó að félagarnir séu í sjálfböðavinnu þá er spurning hvort vinnuveitendur og fjölskylda séu sátt við fjarveru þeirra. Svo er spurningin hvort þessar sveitir í dreifbýlinu ætli að selja samborgurum sínum fleiri rakettur eða neyðarkalla,“

segir Smári og bætir við: „Ég held að við séum kominn á endapunkt í þessum efnum.“

Smári kallar eftir aukinni umræðu um hvernig haga eigi málefnum björgunarsveitanna. „Við þurfum að fara að taka þetta samtal bæði innanbúðar hjá okkur og ekki síður við samfélagið um hvernig við viljum sjá þessum málum fyrir komið,“ segir hann.

Til skoðunar er að rukka ferðamenn í auknum mæli fyrir þjónustu björgunarsveita. „Það er þegar byrjað að rukka ferðamenn þar sem verið er að fara inn á lokaða vegi og sækja fólk sem hefur fest bílana sína,“ segir Smári. Einnig hafi ferðamenn sem hafi viljað láta sækja sig á hálendið en hafi ekki verið í neyð verið rukkað-

ir. „Það er náttúrulega engin glóra í því að það sé bara frítt að fara hér inn á hálendið yfir veturinn með vélar og verkfæri að sækja fólk sem gefst upp í einhverri gönguferð,“ segir Smári. Best færi þó á því að fækka mætti útköllum með því að auka forvarnir og slysavarnir að sögn Smára. Hann hvetur ferðafólk til að tryggja sig fyrir áföllnum kostnaði áður en lagt sé af stað.

Smári segir rýsjótt veðurfar í vetur, fjölgun ferðamanna og aukinn útivistaráhuga Íslendinga ástæðuna fyrir fjölgun útkalla. Fjórðungur útkalla björgunarsveitanna á síðasta ári var í desember. Í mánuðinum voru útköllin tæplega 350, sem er margfalt meira en fyrri ár. ingvar@frettabladid.is



Pað er náttúrulega engin glóra í því að það sé bara frítt að fara hér inn á hálendið yfir veturinn með vélar og verkfæri að sækja fólk sem gefst upp í einhverri gönguferð.

Smári Sigurðsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



Dunlopillo
Gæði frá
Danmörku

Dunlopillo Elevation 310
Elevation 310 rúmið frá Dunlopillo er þægilegt og sterkbyggt rafmagnsrúm. Dýnnar eru 7 svæðaskiptar gerðar úr 18cm heilsteypum Latex kjarna eftir forskrift Dunlopillo.



Lama
Gæði frá
Danmörku

Lama contental
Rafstillanlegu rúmin frá Lama í Danmörku eru í senn fallleg og vönduð vara. Margir möguleikar eru í dýnuvali. Rúmin eru einnig til án rafstyringar í mörgum útfærslum.



Henson
Design
Gæði frá
Belgiu

Henson design Brixton
Frábær gæði frá Belgíu. Rafstillanlegt rúm af hæsta gæðaflokki. Fáanleg í fjölda stærðum og útfærslum.



Gegnheil
Gæði frá
Ítalíu

Demetra Svefnsofi
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsofi frá Ítalíu. Öflugt og sterkt stálsteil. Fjöldmargir litir í tauáklæðum og leðurútfærslum.

Komdu í heimsókn

- og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD



Kynntu þér Ford Ka



Lægsta verðið á Íslandi

> **Ford Ka frá 1.695.000 kr.**

Kynntu þér þennan ferska, flinka, flotta og ferlega skynsama smábíl. Þú færð ekki nýjan bíl á lægra verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika.

Komdu og prófaðu



ford.is

20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.
Opíð á laugardögum frá og með 8. ágúst.

SVONA ERUM VIÐ



19.713 börn voru í leikskólum á Íslandi á árinu 2013.

Tíu árum fyrr voru 3.028 færri börn, eða 16.685 talsins.

Mitsubishi kveðst iðrast: Fangar beðnir fyrirgefningar

BANDARÍKIN Forsvarsmenn japanska bílarisans Mitsubishi báðust í gær afsökunar á því að nota bandarískra stríðsfanga sem vinnuafli í kolanámum fyrirtækisins í seinni heimsstyrjöld.

James Murphy, 94 ára fyrrverandi hermaður, var viðstaddur athöfnina í miðstöð Simon Wiesenthal-stofnunarinnar í Los Angeles í gær. Hann var meðal þeirra sem neyddir voru til starfa í námum Mitsubishi.

„Þetta var þrælahald að öllu leyti. Enginn matur, engin lyf, enginn fatnaður og ekkert hreinlæti,“ sagði Murphy um aðstöðu fanganna í námunum. -pea



UMDEILDUR Ummæli Donalds Trump um John McCain vöktu mikla reiði í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Ummæli vekja mikla reiði: Fast skotið að Donald Trump

BANDARÍKIN Meðframbjóðendur Donalds Trump, sem sækjast einnig eftir útnefningu Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum til forsetaframboðs, skutu á Donald Trump í gær fyrir ummæli sem hann lét falla á laugardag. Trump sagði að John McCain, forsetaframbjóðandi flokksins árið 2008, væri ekki stríðshetja því hann hefði verið tekinn til fanga er hann barðist í Víetnamstríðinu.

Marco Rubio, öldungadeildarþingmaður frá Flórída, var einn þeirra sem skutu á auðjöfurinn. „Ég held að svona ummæli sýni að Donald Trump verði ekki hæfur forseti,“ sagði hann. -pea

Enginn slasaðist og engin olía lak í sjó í árekstri rétt undan Svíþjóð þegar stórskip rákust saman:

Olíuskip sigldi á ferju við Gautaborg

SVÍÞJÓÐ Olíuflutningaskip sigldi inn í síðu dönsku farþegaferjunnar Stena Jutlandica við innsiglinguna í Gautaborg aðfaranótt sunnudags. Gat myndaðist á bakborða ferjunnar við áreksturinn og lak sjór inn í skrokkinn. Mikill vindur hefur verið á svæðinu undanfarna daga sem hefur torveldað siglingar jafnt sem rannsóknir á slysinu.

Enginn slasaðist við áreksturinn en meira en 530 farþegar voru um borð í ferjunni. Þá þykir einnig mikill mildi að ekki hafi lekið olía í sjóinn en um tólf þúsund tonn af bensíni og dísilolíu voru um borð í olíuflutningaskipinu.

Lögregla á svæðinu hóf þegar í stað rann-

sókn á árekstrinum. Talið er að olíuflutningaskipið hafi beygt í vitlausa átt og þar með skolið á ferjunni. Pekka Piirainen, talsmaður sænsku samgöngustofnunarinnar, segir að líklega hafi verið um einhvers konar samskiptaörðugleika að ræða.

„Skipstjórinn er reynslumikill og tryggur maður sem hefur verið á sjó í mörg ár,“ sagði Trygve Möller, talsmaður sænska skipafélagsins Terntank sem á olíuflutningaskipið, við sænska ríkisútvarpið í gær. Talið er að áhöfn olíuflutningaskipsins beri ábyrgð á slysinu. Ferjan var á leið frá Friðrikshöfn í Danmörku til Gautaborgar. -pea



ÁREKSTUR Enginn slasaðist og engin olía lak í sjó við árekstur tveggja stórskipa við Gautaborg. NORDICPHOTOS/AFP

Íslensk tölvuleikjafyrirtæki skoða landvinninga á Indlandi

Meðalaldur Indverja verður 29 ár eftir einungis fimm ár. Sendiherra Íslands á Indlandi segir þetta skapa tækifæri á stafrænum markaði. Íslensk tölvuleikjafyrirtæki horfa til markaðssetningar á vörum sínum á Indlandi.

Árið 2020 verður Indland yngsta land í heimi, en meðalaldurinn verður 29 ár. Þórir Ibsen, sendiherra Íslands á Indlandi, vakti athygli á þessu á fundi íslensk-indverska sendiráðsins í gær. Á fundinum var rætt um tækifæri fyrir aukin viðskipti á milli Íslands og Indlands.

Þórir benti á að þessi aldurssamsetning Indverja væri sérstaklega áhugaverð út frá stafrænni þróun. Það skapaði tækifæri. „Það eru 1,2 milljarðar í landinu, 400 milljónir sem eru með tekjur á borð við okkur, 243 milljónir eru í netsambandi og fer hraðvaxandi,“ sagði Þórir. Þá benti hann á að 106 milljónir manna væru virkar á samfélagsmiðlum, 886 milljónir með farsíma og 92 milljónir virkar á samfélagsmiðlum í gegnum farsíma. „Árið 2020 verður meðalaldurinn 29 ár. Þetta er þumalputtakynslóðin sem kaupir og gerir allt í gegnum síma og tölvur, hvort sem það eru öpp, vörur eða þjónusta,“ sagði Þórir.

Þekktustu leikjaframleiðendur hér á landi hafa áttað sig á möguleikum á markaðssetningu á Indlandi. Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, rekstrarstjóri hjá Plain Vanilla, segir að fyrirtækið hafi byrjað sína markaðssetningu erlendis í Bandaríkjunum. En síðastliðið sumar hafi verið opnað fyrir fimm önnur tungumál fyrir þessa útrás. Það er þýska, franska, spænska, brasilíska og portúgalska. „Á þessum tíma varð Quiz-up mjög vinsælt á Indlandi,“ segir Gunnar Hólmsteinn. Fyrst hafi fyrirtækið ekki áttað sig á ástæðunum fyrir þessum vinsældum. En síðar hafi þeir áttað sig á því að enskukunnátta á Indlandi væri mikil. „Við töluðum við vini



SKJÁSKOT AF EVE ONLINE Upplýsingafulltrúi Eve Online segir ekkert kalla á frekari markaðssókn með Eve Online á Indlandi.

okkar hjá Facebook og Twitter. Og þeir sáu mjög svipaða hluti gerast,“ segir Gunnar Hólmsteinn. Notkun hafi verið mjög mikil á þessum mörkuðum.

Í dag er Plain Vanilla vel í stakk búið fyrir markaðssetningu á Indlandi vegna þess að þar starfar Indverji sem getur haft samskipti við notendur og spurningahöfunda. Hann þekkir indverskan menningarheim mjög vel og ráðleggur Plain Vanilla hvað á að leggja áherslu á og hvaða spurningaflokka vantar. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel,“ segir Gunnar Hólmsteinn.

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP, segir að fyrirtækið hafi fylgst vel með framvindunni

undanfarið, einkum með möguleika á markaðssetningu nýrra leikja í huga.

„Við höfum um langt skeið verið með áskrifendur eða viðskiptavini fyrir Eve Online á Indlandi. En það hefur ekki verið í neinum fjölda sem hefur kallað á frekari markaðssókn,“ segir Eldar. Gerðar hafi verið ýmsar tilraunir í gegnum tíðina með Eve Online-leikinn á því svæði en það hafi ekki skilað þeim árangri að það réttlætti að farið yrði í frekari sókn þar. „En við höfum verið mjög öflugir í Kína og sömuleiðis einbeitt okkur að Japansmarkaði fyrir Eve Online,“ segir Eldar.

jonhakon@frettabladid.is



Við höfum um langt skeið verið með áskrifendur eða viðskiptavini fyrir Eve

Online á Indlandi. En það hefur ekki verið í neinum fjölda sem hefur kallað á frekari markaðssókn.

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP.

Liðsmenn Íslamska ríkisins sprengdu bílsprengju á götumarkaði á meðan Írakar fögnuðu föstulokum:

Skæruliðar drápu fimmtán börn í Bagdad

ÍRAK Liðsmenn Íslamska ríkisins felldu að minnsta kosti níutíu Írakar, þar af fimmtán börn, þegar bílsprengja sprakk á götumarkaði í Bagdad, höfuðborg Íraks, á laugardaginn. Heimamenn í Bagdad voru að fagna Eid al-Fitr-hátíðinni, sem markar lok ramadan, föstumánaðar múslima. Hátíðin er ein sú stærsta í Íslam.

„Fólk brann inni í bílum sínum og á götum úti því engir sjúkra- eða slökkviliðsbílar náðu á svæðið,“ sagði Muthanna Saadoun, 25 ára götusópari, við Íraska fjölmiðla. Mjög þröngt var á götumarkaðinum sem hindraði aðkomu sjúkrafíla.

„Eldur, lík, slasaðir, konur með grátandi börn,“ sagði Salem Abu Moqtada, 34 ára grænmetisali, þegar hann lýsti svæðinu.

Auk þeirra níutíu sem féllu slösuðust 120 í sprengingunni sem varð í hverfi sjíamúslima, sem eru í minnihluta í Írak.

Forsætisráðherra Íraks, Haidar al-Abadi, fordæmdi árásina og kallaði hana fyrirlitlegan glæp Íslamska ríkisins.

Einnig dró til tíðinda hjá Íslamska ríkinu í Sáði-Arabíu á laugardag. Þarlend yfirvöld tilkynntu um handtökur um fjögur hundruð liðsmanna Íslamska ríkisins á síðustu vikum í landinu og sögðu að þannig hefði verið komið í veg fyrir hryðjuverkaárásir þeirra. -pea

RÚSTIR Bílsprengja Íslamska ríkisins lagði byggingar í rúst og varð níutíu að bana í Írak. NORDICPHOTOS/AFP





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T

HJÁ OKKUR KENNIR ÝMISSA GRASA

FYRIR HEIMILIÐ, FYRIRTÆKIÐ, FRÍSTUNDAÞÓNDANN OG SUMARHÚSAEIGENDUR

SNÚNINGS- OG RAKSTRARVÉL

TVÆR VÉLAR Í EINNI – KJÖRIN FYRIR FRÍSTUNDAÞÓNDANN



LELY LOTUS 300 COMBI

Lyftutengd
Vinnslubreidd: 3 metrar
Fjöldi arma: 2 x 8



KANÍNUHÚS UPPHITAÐ

HEILSÁRSHÚS



HÚS FYRIR HÆNUR

EINNIG VARP- OG NETHÚS



FRAMÚRSKARANDI 5 LAGA RÚLLUPLAST

EINNIG BINDINET OG GARN



AVANT

MEST SELDA SMÁVÉLIN 2014



FJÖLHÆFUR JAFNT UM VETUR SEM SUMAR




YFIR 100 MISMUNANDI VERKFÆRI Í ÞOÐI

ÝMSAR VÖRUR Á GÓÐU VERÐI

FLUGNAPAPPÍR



FLUGNASPJÖLD



RAFMAGNS FLUGNABANAR



FLUGNAGILDRUR



GORMAVIGTAR



MYNDAVÉLASETT

Í BÍLINN OG HESTAKERRUNA



TÖLVUVIGTAR



BORÐVIGTAR



SKÍFUVIGTAR



HANDVINDUR



RAFMAGNSVINDUR



HEIMAVINNSLAN

MIKIÐ ÚRVAL



HAKKAVÉLAR



VAKÚM-PÖKKUNARVÉLAR



PURRKOFNAR



SUÐUPOTTAR



VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG AKUREYRI

VBL
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



1

HITABYLGJA Í KÓSÓVÓ Þessi maður steypir sér á kaf til að kæla sig niður í hitabylgju sem nú ríður yfir Kósóvó. Allt að fjörfu stiga hiti mælist nú á svæðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

ÁSTAND HEIMSINS



2

PREDIKAÐ Í AÐDRAGANDA KOSNINGA Prestur í Búrúndí predikar í aðdraganda forsetakosninga landsins sem fara fram á morgun. Framboð sitjandi forseta til síns þriðja kjörtímabils þykir umdeilt, þar sem stjórnarskrá heimilar aðeins tvö kjörtímabil.

NORDICPHOTOS/AFP



3

BARIST Á FULLU Öldungaeildarþingmaðurinn Bernie Sanders, sem sækist eftir útnefningu Demókrataflokkans í Bandaríkjunum til forsetakosninga, heldur ræðu fyrir um ellefu þúsund manns í Arizona í gær. Sanders saxar nú á forskot Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem býður sig einnig fram.

NORDICPHOTOS/AFP



5

UNGVERJAR REISA GIRÐINGU Ungverskir hermenn reisa girðingu til að stemma stigu við straumi flóttamanna frá Mið-Austurlöndum sem koma til landsins í gegn um Serbíu.

NORDICPHOTOS/AFP



4

FÁTÆK BÖRN FAGNA FÖSTULOKUM Þessi fátæku írösku börn fagna föstulokum í borginni Najaf með því að leika sér.

NORDICPHOTOS/AFP



VÍÐINES Húsnæðið stendur nú autt. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Tómt húsnæði verði nýtt: Heimilislausir fari í Víðines

SAMFÉLAGSMÁL Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði Reykjavíkurborgar lögðu fram, á fundi borgarráðs á fimmtudag, tillögu um að heimilislausum verði útbúinn samastaður í ónýttu húsnæði borgarinnar í Víðinesi.

Reykjavíkurborg keypti eignarhlut ríkisins í húsinu, sem áður var hjúkrunarheimili, árið 2014. Húsnæðið hefur staðið autt en til umræðu hefur komið að flytja höfuðstöðvar Sorpu í húsnæðið.

Borgarráð frestaði afgreiðslu tillögunnar. -ih

Forseti boðar til kosninga: Pólverjar kjósa þing í október

PÓLLAND Bronislaw Komorowski, fráfarandi forseti Póllands, hefur boðað til þingkosninga í landinu þann 25. október næstkomandi.

Skoðanakannanir benda til þess að stjórnarflokkurinn Borgaravettvangurinn, sem hefur verið við völd síðastliðin átta ár, mæti harðri andstöðu frá Laga- og réttlætisflokknum, flokki Andrzej Duda, verðandi forseta.

Í nýlegri skoðanakönnun Millward Brown mælist Borgaravettvangurinn með 23 prósentu fylgi, en Laga- og réttlætisflokkurinn með 33 prósentu fylgi. -af



Á HÖFN Pung áhersla er lögð á skjóta framkvæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Eitt tilboð í Grynnslin: Þjóða dýpkun á tvöföldu verði

FRAMKVÆMDIR Eina tilboðið sem barst í dýpkun á svokölluðum Grynnslinum í Hornafirði er hátt í tvöfalt hærra en 33,6 milljón króna kostnaðaráætlun Vega-gerðarinnar. Tilboðið er 58,8 milljónir.

Stefnt er að því að dýpkunin hefjist 20. júlí og verði lokið ekki síðar en 10. ágúst. Viðræður við tilboðsgjafann eru í gangi og hafnarstjórn Hornafjarðar segist leggja „þunga áherslu á að samningur náist sem fyrst á grunni kostnaðaráætlunar og framkvæmdir hefjist hið fyrsta“. -gar

Benjamin Netanyahu er mjög óánægður með samning stórvelda heimsins við Írana um kjarnorkumál: Segir Írana vopnavæða hryðjuverkasamtök

ÍSRAEL „Í dag vopnavæða Íranar hryðjuverkasamtök með eldflaugum og á morgun munu þeir vopnavæða þau og sig sjálfa með mun hættulegri vopnum,“ sagði Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, við fjölmiðla í gær. Netanyahu hélt þannig áfram gagnrýni sinni á samninga sem náðust milli Írana og stórvelda heimsins, Bandaríkin, Frakkland, Bretland, Rússland, Kína, Þýskaland og Evrópusambandið, um kjarnorkumál Írans.

Netanyahu sagði enn fremur að ummæli Ali Khamenei, erkiklerks og æðsta valdamanns Írans, á laugardag sýndu að Íranar ætluðu ekki að draga úr árásargirni sinni í

garð Ísraelsmanna og Bandaríkjamanna. Khamenei sagði að stefna íranskra yfirvalda gagnvart Bandaríkjunum muni ekki breytast og að Íranar sjái Bandaríkin enn sem sinn versta óvin.

Samkomulag þjóðanna gengur út á að Íranar muni ekki koma sér upp kjarnorkuvopnabúri eins og lengi hefur verið talin ætlun þeirra þótt leiðtogar ríkisins hafi ávallt neitað því. Á móti munu Bandaríkin og Sameinuðu þjóðirnar aflétta viðskiptabanni á Írana.

Netanyahu sagði gróða Írana í kjölfar afléttingar viðskiptabanna renna beint til hryðjuverkasamtaka.



REIÐUR Benjamin Netanyahu segir Írana fjármagna hryðjuverkastarfsemi í Mið-Austurlöndum. NORDICPHOTOS/AFP

 **BOSCH**

Nýjar „topClass“ uppvottavélar frá Bosch



Uppvottavél, SMU 69T42SK [hvít]:
Kynningarverð: 149.900 kr.
Fullt verð: 179.900 kr.

Uppvottavél, SMU 69T45SK [stál]:
Kynningarverð: 159.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.



Hægt er að koma fyrir hnifapörum, ausum, expressó-bollum og litlum fylgihlutum í hnifaparaskúffunni.



Neðri grind, efri grind og hnifaparaskúffa.

Framúrskarandi uppvottavélar frá Bosch í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu kynningarverði.

Orkuflokkur A+++ Sérlega hljóðlátar: 40 dB.
Sex kerfi: Sjálfvirkt 65 - 70° C, sjálfvirkt 45 - 65° C, sjálfvirkt 35 - 45° C, sparnaðarkerfi Eco 50° C, hraðkerfi 45° C og forskolun.
Sérkerfi: Tímastytting þvottakerfa, kraftþvottur á neðri grind og hálf vél. Fyrir 14 manna borðbúnað.

Við ábyrgjumst gæði.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Skussa í ferðapjónustu verður að stöðva:

Garðurinn okkar

Ferðamannaíðnaður á Íslandi hefur aldrei verið stærri og fyrirferðarmeiri. Gríðarlegur fjöldi erlendra ferðamanna flæðir yfir landið þvert og endilangt í langferðabílum, á bílaleigubílum, aðfluttum húsbílum, á hjólum og gangandi og guð má vita hvað. Þar af er gríðarlegur fjöldi á ferðinni í skipulögðum ferðum íslenskra ferðapjónustuaðila undir handleiðslu íslenskra fararstjóra með íslenska bílstjóra við stýrið og allt er þetta með sönnu arðbær atvinnustarfsemi og vel það.

Forsenda þessarar starfsemi er fyrst og fremst íslensk náttúra. Fegurð hennar og sérkenni, víðátta og mikilfengleiki. Eða með öðrum orðum landið sjálft í öllum sínum fjölbreytileika. Og flest eigum við það sameiginlegt sem erum fædd og uppalin á þessu fallega og sérstaka landi að við erum stolt af náttúruferðunni, víðáttunni og jafnvel ófyrirsjáanlegu veðrinu þó svo það eigi það til að reyna á stundum helst til mikið á langlundargeð okkar og lífsgleði.



Magnús Guðmundsson

magnus@frettabladid.is

En það sem við eigum þó ekki öll sameiginlegt er að lifa og búa í hjarta landsins, því meirihluti þjóðarinnar býr í þéttbýliskjörnum en ekki í sveitum landsins. Sveitunum sem útlendingarnir vilja sjá og skoða. Sveitunum sem þeir borga þéttbýlisreklamunum fyrirtekjum fullt af peningum fyrir að ferðast um undir leiðsögn fagaðila. Fagaðilum sem ber því að veita mannsæmandi þjónustu og virða það land sem ferðast er um og að sjálfsögðu þá sem þar búa. Annað er ólíðandi. Á síðustu dögum hefur verið að koma sífellt betur í ljós að á þessu er verulegur misbrestur enda misjafn sauður í mörgu fé.

Aðstöðuleysi er eitt og úr því má svo sannarlega bæta. En sé litið til þeirra dæma sem skotið hafa upp kollinum að undanförunu þá er ferðapjónustunni einfaldlega ekki stætt á því að skýla sér á bak við slíkt. Í skipulögðum ferðum er skipuleggjendum vel kunnugt um aðstæður á hverjum stað fyrir sig og því er það á þeirra ábyrgð að tryggja viðskiptavinum viðunandi salernisaðstöðu og að sjálfsögðu að sýna löndum sínum og landi þá lágmarks kurteisi eða senda fólk ekki í að sinna kalli náttúrunnar á bak við næstu brekku eða stein, hvað þá inni í garð hjá fólki, fjárin hafi það.

Af þessu ástandi má vissulega ráða að ferðapjónusta á Íslandi vex hraðar en yfirvöld vinna. Það er reyndar ekki staðfesting á einhverjum ógnarhraða því íslenskt yfirvald á stundum erfitt með að koma sér saman um úrlausn mála. En nú verður ekki búið við slíkar aðstæður lengur. Þetta verður að vera síðasta sumarið þar sem gengið er um Ísland eins og ruslaug og svartir sauðir í ferðapjónustu komast upp með að maha krókinn með skítlegum vinnubrögðum. Slíkt er einfaldlega ekki skattþeninganna virði. Landið, þjóðin og orðspor okkar um allan heim verður líka fyrr en síðar að veði. Ef ekki á illa að fara verðum við að koma böndum á skussa og umhverfissóða, bæta aðbúnað og ganga um hvers annars garð eins og okkar eigin. Ísland er garðurinn okkar allra.

En það sem við eigum þó ekki öll sameiginlegt er að lifa og búa í hjarta landsins, því meirihluti þjóðarinnar býr í þéttbýliskjörnum en ekki í sveitum landsins. Sveitunum sem útlendingarnir vilja sjá og skoða. Sveitunum sem þeir borga þéttbýlisreklamunum fyrirtekjum fullt af peningum fyrir að ferðast um undir leiðsögn fagaðila. Fagaðilum sem ber því að veita mannsæmandi þjónustu og virða það land sem ferðast er um og að sjálfsögðu þá sem þar búa. Annað er ólíðandi. Á síðustu dögum hefur verið að koma sífellt betur í ljós að á þessu er verulegur misbrestur enda misjafn sauður í mörgu fé.

Aðstöðuleysi er eitt og úr því má svo sannarlega bæta. En sé litið til þeirra dæma sem skotið hafa upp kollinum að undanförunu þá er ferðapjónustunni einfaldlega ekki stætt á því að skýla sér á bak við slíkt. Í skipulögðum ferðum er skipuleggjendum vel kunnugt um aðstæður á hverjum stað fyrir sig og því er það á þeirra ábyrgð að tryggja viðskiptavinum viðunandi salernisaðstöðu og að sjálfsögðu að sýna löndum sínum og landi þá lágmarks kurteisi eða senda fólk ekki í að sinna kalli náttúrunnar á bak við næstu brekku eða stein, hvað þá inni í garð hjá fólki, fjárin hafi það.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að vera eða ekki vera

Það er tæpt ár í næstu forsetakosningar. Á sama tíma, í lok síðasta kjörtímabils, þjuggust allir við því að Ólafur Ragnar Grímsson myndi hætta. Hann og Dorrit höfðu keypt sér hús í Mosfellsbæ og allt leit út fyrir að sextán ár myndu nægja forsetanum. Í áramótaávarpi hans í upphafi 2012 tilkynnti hann að þetta yrði hans síðasta áramótaávarp – en rúmlega tveimur mánuðum seinna, þann fjórða mars, steig hann fram öllum að óvörum og sagði áskoranirnar einfaldlega of margar. Hann yrði að svara þeim með fjórum árum í viðbót. Þá sagðist Ólafur aðeins ætla að sitja hálf kjörtímabilið. En hér erum við í dag. Með Ólaf Ragnar á

níttjanda ári í embætti. Á síðasta ári sagði hann að þetta yrði hans síðasta kjörtímabil. Hann færir ekki fram aftur.

Aldur er afstæður

En nú berast fregnir af því að fylgismenn hans séu byrjaðir að sækjast eftir stuðningi við Ólaf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur gengið tölvupóstur til stuðnings Ólafi, þar sem bent er á að ef Hillary Clinton yrði forseti Bandaríkjanna væri hún 69 ára gömul að hefja embætti. Þau væru ekki einu þjóðhöfðingjar heimsins sem ættu rétt á ellilífeyri. Raúl Castro, forseti Kúbu, er 84 ára gamall og Róbert Mugabe, forseti Simbabwe, 91 árs.



Skorað á Katrínu

Á síðustu mánuðum hefur nafn Katrínar Jakobsdóttur, formanns VG, verið nefnt æ oftast í samhengi við forsetastólinn. Þegar sögurnar fóru af stað risu hárin á stuðningsmönnum hennar á vinstri vængnum. Það var ljóst að fátt væri verra í huga vinstrianna en að missa Katrínu úr stjórnmalunum og á Bessastaði. Foringjakreppa vinstrisins er svo skæð að VG myndi einfaldlega lognast út af ef Katrínar nyti ekki við og draumurinn um sameinaðan vinstri væng undir forystu hennar verða að engu. Þrátt fyrir það væri þetta án nokkurs vafa sniðugasta skref sem hún tæki á sínum ferli. Af Bessastöðum væru henni allir vegir færir.

snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



Tækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga

KJARAMÁL



Sigríður Á. Andersen alþingismaður

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkurt gott. Hjúkrunarfræðingar eru óánægðir með kjör sín hjá ríkisspítalanum. Ríkið telur sér ekki fært að hækka launin jafn mikið og hjúkrunarfræðingar krefjast. Hjúkrunarfræðingar virðast ekki vilja að höggvið sé á hnúttinn með gerðardómi sem þó myndi takmarka tjón beggja deiluaðila. Þess í stað kjósa sumir þeirra að segja upp störfum. Í þessari erfiðu stöðu felast þó kannski tækifæri fyrir alla.

Uppsagnir hjúkrunarfræðinga vegna kjaradeilunnar eru skiljanlegar og ef undan er skilinn samtakamáttur uppsagnanna, sem kann að orka tvímælis, þá eru þær í engu frábrugðnar því sem þekkt er á hinum almenna vinnumarkaði. Fyrirtæki sæta því stöðugt að missa hæft starfsfólk vegna ágreinings um laun, og oft til samkeppnisaðila. Hví skyldi þessu vera öðruvísi farið hjá ríkinu? Vandinn sem blasir þó við hjúkrunarfræðingum er sá að ekki er um auðugan garð að gresja hér á landi fyrir þá sem hafa hug á að vinna við hjúkrun. Yfir þeim markaði gín ríkið nánast eitt. Að því leyti er hjúkrunarfræðingum vorkunn. Þeir hafa að fáu að hverfa og

trúlega munu áfram starfa á spítalanum hjúkrunarfræðingar óánægðir með laun sín, og oft til samkeppnisaðila. Hví skyldi þessu vera öðruvísi farið hjá ríkinu? Vandinn sem blasir þó við hjúkrunarfræðingum er sá að ekki er um auðugan garð að gresja hér á landi fyrir þá sem hafa hug á að vinna við hjúkrun. Yfir þeim markaði gín ríkið nánast eitt. Að því leyti er hjúkrunarfræðingum vorkunn. Þeir hafa að fáu að hverfa og

trúlega munu áfram starfa á spítalanum hjúkrunarfræðingar óánægðir með laun sín, og oft til samkeppnisaðila. Hví skyldi þessu vera öðruvísi farið hjá ríkinu? Vandinn sem blasir þó við hjúkrunarfræðingum er sá að ekki er um auðugan garð að gresja hér á landi fyrir þá sem hafa hug á að vinna við hjúkrun. Yfir þeim markaði gín ríkið nánast eitt. Að því leyti er hjúkrunarfræðingum vorkunn. Þeir hafa að fáu að hverfa og

Timeo Danaos...

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Við heyrum sögur af heilu grísku eyjunum þar sem allir þykjast vera blindir, og amma þeirra líka, og fá bæt看 samkvæmt því. Við heyrum sögur af fólki sem hættir að vinna um sextugt og jafnvel fyrr, og allir á eftirlaunum og síðan ekkjan eða ekillinn og loks fjölskyldan öll, og amma þeirra líka. Og alltaf partí.

Svo heyrum við aðrar sögur: af harðduglegum Þjóðverjum og útþræluðum Finnum þar sem enginn ann sér hvíldar – og amma þeirra ekki heldur því eftirlaunaaldurinn er svo hár – og til hvers? Jú, einhver þarf að borga partíð hjá Grikkjum.

Hvað nú ef...?

Gott og vel. Maður skilur það að ekki gengur til lengdar að reka ríkissjóð með stórkostlegum lántökum til að standa undir falskri velferð meðan skattheimtu er ábótavant og auðkýfingar stela öllu steini léttara og skjóta því undan til borga sem taka þýfi fagnandi – til dæmis London.

En ímyndum okkur rétt sem snöggvast að Grikkir hefðu ráðist á Tyrki út af deilum um yfirráð yfir Kýpur (sem gæti reyndar ekki gerst á meðan Grikkir eru í ESB). Ímyndum okkur að þeir hefðu farið halloka og Tyrkir hrakið þá til baka og barist hafi verið af grimmdum um helstu borgir Grikklands. Ímyndum okkur að allt væri í kaldakoli í Grikklandi út af þessu heimskulega frumhlaupi og landið þyrfti sárlega á enduruppbyggingu að halda. Hvernig

yrði neyðarkalli Grikkja tekið af öðrum þjóðum?

Kannski er þetta fáránlegur þankagangur en maður getur ekki varist þeirri hugsun að Grikkir hefðu mátt meiri skilningi og samúð innan vébanda ESB ef þeir hefðu eytt öllum þessum skrilljónum í stríðsrekstur, kaup á vígtólum, manndráp og eyðileggingu en í það sem þeir eru sagðir hafa gert: að auka lífsgæði sín. Neyðin væri á einhvern máta verðugri eftir stríð en eftir velferð. Það er eins og það sé ófyrirgefnalegt, að hafa tekið öll þessi lán til þess að lækka eftirlaunaaldur og hækka bæt看 og reyna að byggja upp vísi að velferðarsamfélagi.

Með öðrum orðum: það er eins og verra þyki að nota ómælt fé til að láta fólk hafa það gott en að nota ómælt fé til að láta fólk hafa það skítt. Og helst drepa það.

Fyrir utanaðkomandi mann lítur út fyrir að hjálp til Grikkja um þessar mundir sé einkum fólgin í því að peningur sé látnir renna úr einum banka í annan – kannski milli deilda í einum – sama bankanum. Grikkir þurfa hjálp við að ná peningum frá útrásarvíkingunum sínum sem létu greipar sópa um banka og komu þýfinu fyrir í London og Sviss; þeir þurfa stuðning við að halda gangandi stofnunum samfélagsins. Það er aðalatriðið – ekki aðdragandinn. En umfram allt þurfa þeir hagvöxt: Og hann verður ekki fenginn með niðurskurði eins og marg-afsönnuð skólaspeki hagfræðinnar boðar heldur með örvandi aðgerðum.

Ekkert lýðræði hér!

Það var furðulegt að horfa upp á atburðarásina kringum þjóðaratkvæðagreiðsluna sem Tsipras forsætisráðherra efndi til. Í fyrstu fannst manni hann vera eins og verkalyðsforingur sem stillt er upp við vegg af viðsemjendum sínum og látinn ganga að

afarkostum, en neitar og vísar tilboðinu til félagsmanna sinna í því skyni að sækja sér nýtt umboð til samninga, fá styrk af því lýðræðislega umboði. – Eruð þið með mér? Eruð þið á bak við mig? Gríska þjóðin hlýddi kallinu og fólk þyrptist á kjörstaði og Tsipras fékk yfirgnæfandi meirihluta. Og þjóðin hélt veislur og braut diska og dansaði við búsíki því að hún hélt að þarna hefðu orðið vatnaskil og þjóðin loks tekið málin í sínar hendur.

Tsipras kom sigri hrósandi að borðinu á ný en nú brá svo við að sigurinn í þjóðaratkvæðagreiðslunni hafði ekki veitt honum nýtt umboð, heldur þvert á móti. Sigurinn hafði rýrt umboð hans. Og nú var ekki leitað leiða til að semja á þann hátt að fremur gæti fallið í geð grískum kjósendum heldur þvert á móti, hertar skrúfurnar: í boði var verri samningur. Í boði var niðurlægning.

Samkvæmt viðsemjendum hafði hann drýgt höfuðsynd hins evrópska stjórnmálamanns: Hann hafði ráðfært sig við þjóðina. Hann hafði iðkað beint lýðræði en ekki látið atvinnumennina í faginu um þetta. Og eins og við vitum er fólkið bara fúskarar í því að taka ákvarðanir í málefnum sem varða það sjálft, líf þess og heill. Skilaboðin voru: Aldrei gera þetta aftur!

„Timeo Danaos et dona ferentes“ kvað Virgill: Óttist Grikki og líka þegar þeir koma færandi hendi, og vísaði þar til Trójuhestsins. Góð og gild speki sem smáþjóðir eiga alltaf að muna í samskiptum við stórveldi: ekki síst alræðisríki eins og Kína, Sádi-Arabíu og Rússland. Og nú hafa Grikkir komist að því fullkeyptu. Og við erum ýmsu nær um það hvernig smáþjóð getur reitt af innan Evrópusambandsins, fari hún óvarlega. Enn höfum við að vísu ekki fengið að vita hvað aðild að sambandinu

myndi þýða fyrir Íslendinga, því að það er ekki bara í Brussel sem mönnum er illa við þjóðaratkvæðagreiðslur heldur líka hér í ríkisstjórninni. Sjálfkrafa finnum við til með Grikkjum, smáþjóðinni sem má sæta afar-kostum eftir að hafa í góðri trú tekið mikil lán, en kannski er nærtækara fyrir Íslendinga, þrátt fyrir allt, að líta til annarra Norðurlandþjóða innan ESB þegar vegnir eru og metnir kostir og ókostir aðildar.

Grikkir þurfa hjálp við að ná peningum frá útrásarvíkingunum sínum sem létu greipar sópa um banka og komu þýfinu fyrir í London og Sviss; þeir þurfa stuðning við að halda gangandi stofnunum samfélagsins.

HRAUNBORGIR GRÍMSNESI



FALLEGT SUMARHÚS MEÐ GESTAHÚSI Á GÓÐUM STAÐ

Sumarhúsið er 31,7 fm. að stærð, gestahús er 12,2 fm. Samtals 43,9 fm. Sumarhúsið (1990) er fullbúið og í góðu ástandi. Vandað gestahús, byggt 2012, er tilbúið að utan en fohelt að innan. Eitt svefnherbergi og svefnloft er í sumarhúsinu. Góð timburverönd við húsið sem er ca. 90 fm. Lóðin er 0,5 hektarar og fallega gróin. Sumarhúsið er í göngufæri við þjónustumiðstöð með sundlaug, heitum pottum, golfvelli, minigolfi og annarri afþreyingu.

Verð: **10.900.000 kr.**

Fjárfesting Fasteignasala ehf.

Sími 562 42 50 | fjarfesting@fjarfesting.is



Unga fólkið hringir viðvörunarbjöllum

Eitt af því sem einkenni síðustu sveitarstjórnarkosningar var dræm kosningabátttaka, sérstaklega á meðal ungs fólks. Reyndar hefur kosningabátttaka aldrei verið minni hér á landi. Í stærstu sveitarfélögum var hún einungis um 60% en á landsvisu var hún 66,5%, samanborið við 83,2% árið 2002. Í aldurshópnum 25-29 ára var kjörsóknin einungis 45,4%.

Af tölunum að dæma virðist þróunin vera eins í öllum aldurs- hópum. Unga fólkið dregur vagninn í þeirri þróun. Sú þróun sem við sjáum þeirra á meðal er augljós fyrirboði um þá átt sem samfélagið er að þokast í.

Ekki séríslenskt

Það er auðvelt að draga þá ályktun að hér sé um að ræða séríslenskt viðfangsefni og að ungt fólk á Íslandi hafi einfaldlega ekki áhuga á stjórnmálum eða þjóðmálum almennt. Það væri þó mikil einföldun. Þvert á móti bendir þróunin í Evrópu og víðast í hinum vestræna heimi til þess að kosningabátttaka fólks á öllum aldri fari hratt dvínandi og efasemdir um gildi stjórnmálaflokka hafi aukist á sama tíma og traust til stjórnvalda og lykilstofnana samfélagsins fari minnkandi. Þessi þróun er mest áberandi á meðal ungs fólks.

Rannsóknir, meðal annars á Íslandi, benda til þess að ungu fólki finnst þátttaka sín í stjórnmálum ekki skipta máli, að ungt fólk upplifi ekki lýðræðiskerfið á jákvæðan hátt og finni ekki að atkvæði þess sé einhvers virði.

STJÓRN MÁL



Gunnar Axel Axelsson
bæjarfulltrúi í Hafnarfirði

Þjóðir sem við venjulega berum okkur saman við hafa flestar upplif- að sömu þróun og eru að spyrja sig sömu spurninga og við. Hvað getum við gert?

Ef við ætlum að finna leiðir til þess að vernda lýðræðið og stuðla að jákvæðri þróun þess verðum við að byrja á því að viðurkenna að vandamálið liggur ekki hjá ungu fólki eða kjósendum almennt. Þrátt fyrir dræma kjörsókn virðist áhugi ungs fólks á þátttöku í mótun samfélagsins nefnilega ekkert hafa dvínað og jafnvel þvert á móti.

Samhliða minnkandi kjörsókn má sjá aukna þátttöku ungs fólks á sviðum sem við erum ekki endilega von að skilgreina sem hluta af hinu formlega stjórnmálasviði. Til dæmis í grasrótastarfi sem ekki tengist hefðbundnum stjórnmálaflokkum og um allan heim hefur ungt fólk verið í framlínu mótmæla og beinna aðgerða síðustu ár. Virkni og viljinn til þátttöku er því til staðar og jafnvel enn meiri en áður. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er því ekki endilega hvernig við getum virkjað ungt fólk, heldur kannski frekar hvað það er í okkar lýðræðiskerfi og þróun samfélagsins sem fólk er ósátt við og hvernig við getum bætt það.

Lýðræðið er undir

Ein af þeim skýringum sem hafa verið nefndar er aukinn ójöfnuður og vaxandi valdaójafnvægi sem honum fylgir. Bent hefur verið á að auknum ójöfnuði fylgi

→ Það er auðvelt að draga þá ályktun að hér sé um að ræða séríslenskt viðfangsefni og að ungt fólk á Íslandi hafi einfaldlega ekki áhuga á stjórnmálum eða þjóðmálum almennt.

ekki aðeins neikvæð þjóðhagsleg áhrif, ójöfnuður dragi úr hagvexti og samkeppnishæfni þjóða, heldur séu vestræn ríki komin að þeim mörkum í misskiptingu auðs og tekna að það beinlínis flæði undan lýðræðislegu skipulagi þeirra. Sífellt meiri auður safnist á færri hendur sem um leið hafa sífellt meiri ítök á hinu pólitíska sviði. Með auknum ójöfnuði myndast þannig ójafnvægi í samfélaginu, áhrif sterkra sérhagsmunaaflla aukast og áhrif hins almenna kjósenda dvínar sem og áhugi hans á að taka þátt.

Unga fólkið hringir viðvörunarbjöllum

Kjarni málsins er sá að þegar nýir kjósendur sjá ekki raunverulegan tilgang með því að mæta á kjörstað og kjósa ættu allar viðvörunarbjöllur samfélagsins að hringja. Spurningarnar sem við þurfum að spyrja snúa ekki aðeins að ungu fólki heldur lýðræðiskerfi okkar almennt. Í afstöðu ungs fólks og upplifun á núverandi kerfi liggja hins vegar augljóslega svörin. Þess vegna verðum við að tryggja að rödd þess heyrst og ungt fólk fái tækifæri til þátttöku, til þess að hafa áhrif á samfélagið og þróun þess. Það er ekki nóg að tala um það, það þarf að láta verk- in tala.

MERKISATBURÐIR

1198 Bein Þorláks Þórhallssonar biskup voru tekin og lögð í skrin í Skálholti.

1627 Guðbrandur Þorláksson, biskup á Hólum, lést eftir 56 ár í embætti.

1894 Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrverandi forsætisráðherra, fæddist.

1934 Stéttarfélagið Sókn var stofnað, það rann síðar inn í Eflingu.


1947 Ólafur krónprins Noregs afhjúpaði stytta af Snorra Sturlusyni.

1969 Appolló 11. lenti á tunglinu.

1973 Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinuðust og úr varð Flugleiðir hf.

1973 Hákon krónprins Noregs fæddist.

1989 Hvalveiðum Íslendinga lauk tímabundið.



PETTA GERÐIST 20. JÚLÍ 1822

Faðir erfðafræðinnar kemur í heiminn

Gregor Mendel, sem af mörgum er talinn vera upphafsmaður erfðafræðinnar, fæddist þennan dag árið 1822. Hann var austurrískur munkur. Mendel ræktaði skrautjurtir og kannaði með þeim áhrif erfða og umhverfis á útlit og byggingu plantna. Síðar hóf hann ræktun baunaplantna í sama tilgangi. Eftir rannsóknir sínar dró hann þær ályktanir að eiginleikar erfðust milli foreldra og afkvæma með sérstökum eindum. Þessar eindir voru síðar kallaðar gen. Út frá því var lögmál Mendels próað.

Í umfjöllun Margrétar Bjarkar Sigurðardóttur, líffræðings á Vísindavefnum, kemur fram að Mendel birti niðurstöður sínar í grein sem hann nefndi Rannsóknir á erfðablöndun plantna. Hann kynnti þær upphaflega á tveimur fundum Náttúrufræðifélags Brunn í Bóhemíu árið 1865. Greinin kom hins vegar ekki formlega út fyrr en árið 1866 í Tímariti Náttúrufræðifélags Brunn. Tæpum 20 árum seinna lést Mendel. Greinin vakti hins vegar ekki athygli fyrr en að Mendel látum.



✝

Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,
**EINAR BERGMANN
GUÐJÓNSSON**
rafeindavirki,
varð bráðkvaddur í Tailandi þann 15. júlí sl.

**Fyrir hönd allra aðstandenda,
Sigrún Einarsdóttir
Gunnar Smári Einarsson
Kjartan Örn Einarsson**

**Ragnar Birkir Björnsson
Cassie Chong
Hulda Hlín Magnúsdóttir**

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
HULDA INGVARSDÓTTIR
áður til heimilis að Skípasundi 87,
lést þann 14. júlí á Dvalarheimilinu Grund.
Alúðarþakkir til starfsfólks V-3B á Grund.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 22. júlí kl. 13.00.

**Ingbjör Arnórsson
Sigríður Arnórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

**Guðný Sigurbjörnsdóttir
Svavar Þórhallsson**

✝

Kær frænka okkar,
LÁRA GUNNARSDÓTTIR
Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða,
Akranesi,
andaðist 13. júlí. Útför hennar fer fram
frá Akraneskirku miðvikudaginn 22. júlí
kl. 14.00.

**Fyrir hönd ættingja,
Þórunn Árnadóttir**

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
**GUÐMUNDA MAGNFRÍÐUR
INGIMUNDARSDÓTTIR**
Sólvangsvogi 1, Hafnarfirði,
lést á Landakoti 10. júlí síðastliðinn. Útför
hennar fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði
23. júlí kl. 13.00.

Egill Egilsson

✝

Ástkær eiginkona og dóttir,
MARGRÉT TÓMASDÓTTIR
lést á LSH krabbameinsdeild 12. júlí
síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Arnar Jósefsson
Tómas Jónsson**



SIGURVEGARINN Þorbergur Ingi Jónsson kom í mark á innan við fjórum klukkustundum.

MYND/UNA ÞORGILSDÓTTIR

Allir gapandi yfir árangri Þorbergs Inga

Sigurvegari Laugavegshlaupsins setti brautarmet. Upplýsingafulltrúi hlaupsins segir að fyrir hlaupið hafi efasemdir verið um að hægt væri að ljúka við það á innan við fjórum klukkustundum. Vel á fjórða hundrað hlaupara kom í mark.

Nítjándi Laugavegshlaupið fór fram á laugardaginn. Þorbergur Ingi Jónsson var fyrstur í mark á 3:59:13. Amber Ferreira frá Bandaríkjunum var fyrst kvenna í mark á 5:48:47. Anna Lilja Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi hlaupsins, segir að hlaupið hafi gengið mjög vel. „Við vorum stressuð út af þessum snjó og hann var erfiður eins og búist var við.“

Anna Lilja segir að hlauparar hafi fengið gott veður og leiðin í það heila verið mjög góð. Það hafi því allt gengið mjög vel. „Það finnst öllum gaman á Íslandi þegar það er gott veður. Það var æðislegt veður og það komu allir voða gladdir í mark.“ Anna Lilja segir að tíminn sem Þorbergur hljóp á hafi verið nýtt brautarmet. „Það hefur enginn hlaupið þetta svona hratt áður. Það er ekkert langt síðan fólk hélt að það væri ekki hægt að komast þessa leið undir fjórum tímum,“ segir Anna Lilja og bendir á að Þorbergur hafi slegið metið í fyrra á 4.07 og svo

náð því undir fjórum klukkustundum núna. „Það voru allir gapandi hissa,“ segir Anna Lilja.

Það er Reykjavíkumaraþonið sem stendur að Laugavegshlaupinu. Þar er nóg að gera þessa dagana, því fram undan er Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka á Menningarnótt og í júní var miðnæturlaupið. Anna Lilja telur að áhugi almennings á hlaupum sé að aukast. Þessi þriðji hlaup á vegum Reykjavíkumaraþons vaxi stöðugt. „Það er aukning á hverju einasta ári núna og búið að vera lengi. Í ár eru það sérstaklega útlendingarnir sem hafa gefið þennan vöxt. Helmingur þátttakenda í Laugavegshlaupinu núna voru útlendingar,“ segir Anna Lilja.

Fjögur hundruð manns byrjuðu hlaupið á laugardaginn en 361 kláraði. „Það er mjög fínt hlutfall og nokkuð svipað og undanfarin ár,“ segir Anna Lilja. Og hún tekur undir þá skoðun að Laugavegshlaupið sé ekki fyrir hvern

„Það hefur enginn hlaupið þetta svona hratt áður. Það er ekkert langt síðan fólk hélt að það væri ekki hægt að komast þessa leið undir fjórum tímum“

sem er. „Þetta er bara fyrir ofurmenn og -konur,“ segir hún í léttum dúr en bætir við að það sé átján ára aldurs- takmark og ítrekað sé fyrir þátttakendum að þeir þurfi að hafa stundað brekkuhlaup og vera vel undirbúnir. Hún segir að 50 manns vinni á vegum hlaupsins á hlaupaleiðinni og björgunarsveitabíll komist á Laugavegin til að sækja þá sem ekki ná að klára. Svo sé hægt að fara á fjallarútu í Emstrur og sækja fólk þar.

jonhakon@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MÁLAR Á STEINA

Kolbrún Pálsdóttir er fjölhæf þegar kemur að ýmsu föndri. Undanfarið hefur hún málað steina í ýmsum gerðum og litum.

Síða 2

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is



FRUMKVÖDLAR
Hugmyndin að kertastjakagerð Heiðu og Guðbjargar varð til í áfanga í frumkvöðlafræði í FG sem þær sátu báðar.
MYND/VALLI

EINFALDIR OG HRÁIR


HANDGERÐIR STJAKAR Vinkonurnar Guðbjörg Birta Bernharðsdóttir og Heiða María Ívarsdóttir gera Vulcan-kertastjakana í bílskúrnum heima. Þær spá mikið í innanhússhönnun og skreyta umhverfi sitt með fallegum hlutum.

Sameiginlegur áhugi á innanhússhönnun og áfanga í frumkvöðlafræði varð til þess að þær Heiða María Ívarsdóttir og Guðbjörg Birta Bernharðsdóttir fóru að búa til steypa kertastjaka. „Við vorum saman í FG og tókum þar áfanga sem heitir frumkvöðlafræði og gengur út á það að stofna fyrirtæki. Þar sem við höfum báðar mikinn áhuga á innanhússhönnun varð til hugmyndin um Vulcan-kertastjakana,“ útskýrir Heiða. Guðbjörg tekur upp þráðinn og lýsir stjakerðinni. „Við steypum kertastjakana sjálfar í bílskúrnum heima, blöndum steypuna og hellum henni í form. Þegar hún hefur þornað þússum við þá og málum síðan botninn og neðri part þeirra. Einnig setjum við tappa undir þá til að koma í veg fyrir að þeir rispi.“ Stöllumur eiga hvor sinn helminginn í fyrirtækinu og er verkaskiptingin skýr, Heiða sér um fjármál og markaðsmál og Guðbjörg sér um sölu- og framkvæmdamál.

tímarit til að fá hugmyndir. „Við erum báðar hrifnastar af einföldum skandinavískum stíl. Kertastjakarnir okkar lýsa vel eigin stíl, en þeir eru einfaldir en smámunasamir, hráir og litríkir. Það er líka skemmtilegt við stjaka að þeir passa inn í hvaða horn sem er, þar sem þeir eru mjög hlutlausir og hægt er að velja sinn lit,“ segir Guðbjörg. „Við spáum helst í litlu hlutunum eins og eldhúsáhöldum, kertastjökum, ljósum og vösom. Og skreytum því heimilið okkar með alls kyns fallegum litlum hlutum,“ bætir Heiða við.

Alvar Aalto, hönnuður litala, er helsta fyrirmynd þeirra Heiðu og Guðbjargar og eru hlutir eftir hann meðal uppáhaldshluta þeirra beggja. „Hönnun hans er rosalega falleg, vinsæl, skapandi, skemmtileg og hvetjandi,“ segja þær og bæta við að hönnun litala, Rosendahl, House Doctor, Heiðísar Helgadóttur og Sifjar Jakobs sé einnig að þeirra skapi.

Þær eiga báðar Omaggio-vasa sem er uppáhaldshlutur beggja. Annað eftirlæti Guðbjargar er annar vasi frá litala en í uppáhaldi hjá Heiðu auk Omaggio-vasans eru glös frá litala.



LÝSANDI Vulcan-kertastjakarnir frá Heiðu og Guðbjörgu eru til í nokkrum útgáfum.



VULCAN-KERTA-STJAKI Kertaljós er alltaf kósi og kertastjakarnir frá Vulcan koma vel út.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Einstök þrenna fyrir útivistina, hjólreiðarnar eða gönguna

Sore No More
Náttúrulegt verkjagel. Öflug hita- og kæli-meðferð.



Nutrilenk Gold
Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi

Magnesium Sport sprej
Hefur hjálpað til við að lina krampa og harðsperrur



Útsöluastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

Þjáist þú af sveppasýkingu eða þurrki í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Sprey þykir sérlega áhrifaríkt við sveppasýkingu, kláða, særindum eða þrusku í slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hiklaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.



FÆR FRIÐ Í SÁLINA MEÐ FÖNDRINU


FALLEGT SKRAUT Kolbrún Pálsdóttir hefur undanfarið dundað sér við að mála á steina. Hún notar þá sem skraut og gefur þá í tækifærisgjafir.

Kolbrún Pálsdóttir hefur föndrað og dundað við ýmislegt í höndunum frá því hún man eftir sér. Um árabíl bjó hún til skartgripa úr silfri eftir að hún fór á námskeið í skartgripagerð í Danmörku þar sem hún bjó í áratug. „Ég hef líka verið að binda flugur til að nota í veiði, ef það telst með sem föndur, svo hef ég alltaf málað og teiknað. Einnig hef ég alltaf hoppað á þær tískuþylgjur sem koma í föndrinu og búið til dæmis til myndaramma úr efni, servíettur í þrívíddaramma, málað á postulín og skorið út í tré.“

Síðastliðna sex mánuði hefur Kolbrún dundað sér við að mála á steina sem hún notar bæði sem garðskraut og upp á punt inni hjá sér. „Ég hef skreytt allt húsið hjá mér og var með rollur úti um allt hús. Dóttir mín var farin að telja hvað væru margar rollur í stofunni og voru þær á tímabili að nálgast tuttugu stykki en ég hef selt eitthvað af þeim og svo auðvitað gefið fjölskyldunni,“ segir hún létt í bragði en Kolbrún hefur málað nokkuð marga steina sem rollur. Þær eru með því skemmtilegra sem hún málar á steinana en annars er einn ákveðinn steinn í uppáhaldi hjá henni. „Ég málaði á stein sem er í stærra lagi nokkra rauða túlípana og lakk-aði nokkrum sinnum yfir og nú fær þessi steinn að standa við leiði frænna míns. Ég bjó hann til í tilefni þess að hann hefði orðið fimmtíu ára og ég kalla steinninn eilífðarblóm,“ segir hún og brosir.

Hugmyndina að steinunum fékk Kolbrún þegar hún var að leita að góðum hugmyndum til að setja inn á Facebook-síðuna sína sem heitir Hugmyndabanki Kollu.

„Þar rakst ég á fullt af sniðugum leiðum til að nota fallega málaða steina. Ég er í Facebook-hópi þar sem fólk deilir reynslu sinni af því hvaða málningu og lakk er best að nota miðað við hvort steinninn eigi að standa inni eða úti og margt fleira. Undanfarið hef ég líka verið að föndra úr rekaviði og öðru sem ég finn í fjörunni.“



FÖNDURKONA Kolbrún hefur lengi haft áhuga á föndri og handavinnu.

MYNDR/ÚR EINKASAFNI




GARÐSKRAUT Steinarnir hennar Kolbrúnar sóma sér vel sem garðskraut.



365 Lofthraði

MEIRI HRAÐI Í BÚSTAÐINN



- MEIRI HRAÐI
- STÖÐUGRA SAMBAND
- INNLENT NIÐURHAL INNIFALIÐ

Athugaðu hvort að þú getir fengið Lofthraða í bústaðinn þinn, kynntu þér málið á lofthradi.is

Lofthradi.is | Sími 1817 **365**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölu menn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

SNJALLSÍMAFORRIT

MÁNUDAGUR 20. JÚLÍ 2015

Kynningarblað GOMobile, Já.is, forrit í upphaldi og forrit í ferðalagið.

Safnaðu peningum með símanum

GOMobile er fullkomlega einföld leið fyrir notendur að safna peningum sjálfkrafa með símanum sínum. Það eina sem þarf að gera er að sækja appið, tengja greiðslukort við það og gera svo það sem venjan segir til um. Á meðan safnar síminn peningum. Við notkun greiðslukortsins hjá samstarfsfyrirtækjum GOMobile fær notandinn hluta af upphæðinni til baka inn á GOMobile-reikninginn sinn.

GOMobile er app sem gerir fólki kleift að safna peningum sjálfkrafa með símanum sínum. Eina sem þarf að gera er að sækja GOMobile-appið (GOMobile-inneignarkerfi) og tengja greiðslukortið sitt inn. Þegar viðkomandi notar greiðslukortið sitt hjá samstarfsfyrirtækjum GOMobile sem eru á yfir þrjú hundruð stöðum um allt land fær hann hluta af upphæðinni til baka inn á GOMobile-reikninginn sinn í appinu. Endurgreiðslan kemur í formi inneignar sem birtist í appinu jafnóðum. Þessa inneign má svo nota til að greiða niður alla fjarskiptareikninga hjá Símanum eða til að kaupa vörur í vefverslun GOMobile. Þjónustan kostar ekkert og er algjörlega fyrirhafnarlaus fyrir neytandann. Í stuttu máli virkar þetta svona; þú sækir app, tengir kortið þitt, gerir svo það sem þú gerir vanalega og síminn safnar peningum á meðan. „Það að ná í GOMobile-appið er því líklegast það sniðugasta sem þú getur gert í dag,“ segir Hálf-dán Steinþórsson, framkvæmdastjóri GOMobile.

Einfaldleiki, þægindi og ágóði

Hálf-dán segir það hafa tekið rúm tvö ár að þróa GOMobile-lausnina þannig að hún yrði eins og þau vildu hafa hana. GOMobile-kerfið varð að veruleika í samstarfi við Símann, Vildarkerfi, Valitor, Borgun, Kortþjónustuna og greiðsluveitu Seðlabankans. „Kerfið var því skemmtilega flókið í smíðum en fullkomlega einfalt fyrir notandann sem var alltaf markmiðið. Það skiptir okkur mestu máli að notandinn upplifi einfaldleikann, þægindin og umfram allt ágóðann. Þess vegna er það þannig að notandinn þarf

aldrei að biðja um endurgreiðsluna, hann þarf ekki að sýna neitt eða gera neitt. Hann einfaldlega mætir í samstarfsfyrirtæki, borgar og svo birtist endurgreiðslan í appinu“ segir Hálf-dán.

„Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt, lærdómsríkt og því líkt ævintýri að vinna svona krefjandi verkefni með fyrirtæki eins og Símanum. Okkur var strax tekið opnum örmum þegar við kynntum hugmyndina og allir af vilja gerðir til að láta þetta ganga upp með okkur. Fagmennska, frumhugsun og ótrúlega skapandi umhverfi sem eru kjöraðstæður fyrir snjallan sprota til að vaxa úr grasi. Við fórum í loftið í apríl 2014 og okkur grunaði aldrei hversu hratt appið myndi stækka á aðeins einu ári,“ segir María Rut Kristinsdóttir, markaðsstjóri GOMobile.

Endurgreiðslan kemur sjálfkrafa

„Það var greinileg þörf á markaði fyrir skilvirka lausn fyrir neytendur. Því lögðum við mikið upp úr því að finna leið sem myndi einfalda ferlið fyrir þannig að ekki þyrfti að sýna neitt, gera neitt, klippa neitt út eða segja eitthvað til þess að fá ábatann. Einnig er mjög aðgengilegt að skoða stöðuna í appinu sjálfu í símanum og fylgjast þannig með inneignunum tikka inn á hverjum degi. Þess vegna þróuðum við GOMobile. Þannig að það skiptir engu máli hvaða banka þú ert hjá, hvaða kreditkort þú notar, hvaða símafélagi þú ert í viðskiptum við – endurgreiðslan kemur alltaf, alls staðar. Þetta er ekki kerfi sem byggir á því að veita bara endurgreiðslu á ákveðnum tíma dags eða ákveðna daga. Þess vegna þarf notandinn aldrei að pæla í kerfi



Þau María Rut og Hálf-dán hjá GOMobile segja að þau hafi ekki grunað hversu mikið appið myndi stækka á því ári sem liðið er frá því það fór í loftið.

MYND/ERNIR

inu. Inneignin kemur sjálfkrafa inn og síminn sendir áminningu um það í hvert skipti,“ segir María.

Spennandi tímar fram undan

Í dag eru viðskiptavinir GOMobile um 26 þúsund talsins og fjöldi samstarfsfyrirtækja er á yfir þrjú hundruð stöðum um allt land eins og áður segir. „Við leggjum mikið upp úr því að vera með fjölbreytta flóru af samstarfsfyrirtækjum þannig að notendur GOMobile geti alltaf fundið fyrirtæki við hæfi sama hvert erindið er. Við erum með bensínstöðvar, kvikmyndahús, fataverslanir, kaffihús, veit-

ingastaði, skemmtistaði og alls kyns afþreyingu svo fátt eitt sé nefnt. Það eru alltaf að bætast við ný fyrirtæki og notendum GOMobile fjölgar umtalsvert á hverjum degi,“ útskýrir María.

„Það eru alveg gríðarlega spennandi tímar fram undan. Í ágúst munum við kynna til leiks stóra breytingu á appinu sem margir hafa beðið eftir en þá munu notendur geta bætt debet-kortunum sínum inn í appið og byrjað að safna með þeim. Á sama tíma geta notendur valið að vera með fleiri en eitt kort tengt í appið. Jafnframt erum við í mik-

illi þróunartíðni þar sem við erum að innleiða spennandi nýjungar sem eru sérsníðnar að því sem okkar notendur hafa kallað eftir. Við erum mjög spennt fyrir því að segja frá þessum breytingum á næstu misserum.“ segir Hálf-dán.

„Svo er líka gaman að segja frá því að við erum komin í formlegt samstarf við bæði Stúdentaráð Háskóla Íslands og Stúdentafélagið í Háskólanum í Reykjavík og gefur það okkur klárlega byr undir báða vængi og við hlökkum mikið til samstarfsins við þau í vetur,“ bætir María Rut við.



SÆKTU APPIÐ, TENGDU KORTIÐ OG BYRJAÐU AÐ SAFNA

ÞAÐ KOSTAR EKKERT

GOMOBILE.IS

Já.is appið auðveldar lífið

Margrét Gunnlaugsdóttir, vöru- og viðskiptaþróunarstjóri Já, segir að appið Já.is hafi fyrst verið gefið út um vorið 2014. Margir nýta sér það, en það er án endurgjalds og ókeypis er að fletta því upp. Ný útgáfa var kynnt nýlega með mörgum flottum nýjungum.

Margrét svaraði nokkrum spurningum um appið Já.is.

Hvenær var Já.is appið gefið út og hver var helsta ástæðan?

Já.is appið var gefið út fyrst vorið 2014. Stefna Já er að auðvelda dagleg samskipti í lífi fólks. Flestir Íslendingar eru með símann við höndina allan daginn og með útgáfu appsins vorum við fyrst og fremst að mæta þörfum viðskiptavina. Appið er í boði fyrir Android- og iPhone-síma, er án endurgjalds og ókeypis er að fletta upp í því.

Hvernig þróið þið þjónustu appsins?

Já þróar sínar lausnir meðal annars út frá ábendingum notenda og við leggjum mikið upp úr notendaprófunum. Það er mikilvægt fyrir okkur hjá Já að vera í góðum samskiptum við notendur. Við viljum að appið sé notendavænt og nýttist notendum sem best.

Hvað er að finna á appinu?

Appið geymir upplýsingar um 94% landsmanna. Notendur geta fengið upplýsingar um símanúmer ásamt því að hringja, senda SMS-skilaboð eða tölvupóst, skoða staðsetningu á korti, fá vegvísun, finna afgreiðslutíma og umsagnir um fyrirtæki. Þá er mögulegt að



lata appið fletta upp hver er að hringja þegar símtal berst.

Hvaða nota margir Já.is appið?

Á rúmlega einu ári hefur appið verið sótt yfir 100 þúsund sinnum og um 30 þúsund notendur nota appið yfir 100 þúsund sinnum í hverri viku. Appið hefur vermt efstu sæti topplista yfir vinsælustu íslensku öppin bæði á iTunes og Google Play frá því að það var gefið út. Við höfum séð gríðarlega aukningu í notkun þess frá upphafi og sérstaklega undanfarnar vikur.

Hvað segja notendur um appið?

Aðgengi að upplýsingum og allt sem auðveldar samskipti hefur mikið að segja fyrir notendur í dag og það sem við heyrum frá notendum er fyrst og fremst hversu fljótlegt og þægilegt er að nota appið og nálgast upplýsingar. Einnig skiptir hraði miklu máli en með Já.is appinu ertu einungis nokkrar sekúndur að fletta upp á númeri og getur svo hringt með því að ýta á einn hnapp.

Hvað er vinsælt á Já.is appinu meðal notenda?

Notkun appsins hefur aukist jafnt og þétt frá útgáfu þess. Við sjáum að notendur nota appið mjög reglulega enda þægilegt þegar fólk er á



Margrét Gunnlaugsdóttir segir Já.is appið vera einstaklega þægilegt í notkun.

ferðinni að geta nálgast upplýsingar og fá leiðarvísun á fljótlegan og öruggan hátt.

Nú voruð þið að gefa út nýja útgáfu af appinu, hverjar eru helstu nýjungarnar?

Við gáfum út nýja útgáfu fyrir nokkrum vikum fyrir Android-síma og meðal nýjunga er nafnabirtir sem virkar þannig að þegar notandi tekur á móti símtali þá birtir appið upplýsingar um þann sem hringir. Þetta er þjónusta sem við höfum verið með í boði hingað til í appinu Já Núna, sem kom á markaðinn árið 2010 og við höfum núna bætt við í virkni Já.is apps-

ins. Einnig er nýjung að notendur geta skoðað notkunarsöguna sína í appinu og kannað hvaða fyrirtæki og þjónustuaðilar eru í nágrenni við notandann.

Hvernig notar þú appið mest?

Mér finnst algjör snilld að geta fengið leiðarvísun þegar ég er á ferðinni. Það sparar tíma og tryggir að maður rati á réttan stað. Í sumar hef ég ferðast töluvert um landið og það hefur sparað tíma og auðvelda lífið að hafa appið til að finna þjónustuaðila þar sem ég er stödd hverju sinni og fá leiðarvísun til þeirra. Þá er ég alveg hætt að vista tengiliði í símann, ég fletti

þeim bara upp í appinu og appið flettir þeim upp fyrir mig þegar ég fæ símtöl.

Hvaða nýjungar eru í vændum?

Við erum að vinna þessa dagana að nýrri útgáfu fyrir iOS-stýrikerfið sem fylgir í kjölfarið á nýju Android-útgáfunni. Við munum gefa hana út í byrjun næsta mánaðar. Við viljum vera leiðandi á markaði og því vinnum við markvisst að násköpun til að tryggja þróun lausna og þjónustu við viðskiptavini og notendur. Því skiptir sköpum að koma reglulega með nýjungar á markaðinn.

Áhugaverð öpp að mati sérfræðinga

Blaðamaður leitaði til sérfræðinga í snjallsíma- og smáforritanotkun og bað þá um að segja frá sínum mest notuðu öppum og uppáhaldsöppum. Niðurstöðurnar eru ólíkar en lesendur geta hér fengið hugmyndir að því hvaða öppum hlaða eigi niður.

Sunna Ben fjöllistakona



Hvaða öpp notar þú mest? QuizUp, Spotify, Twitter, Instagram, Snapchat, Shazam, RunKeeper og Docs.

Hvað gera þau fyrir þig? QuizUp er bæði ótrúlega skemmtilegur leikur og svo er nýja samskiptaelementið frábært. Spotify er snilld til að halda utan um hina ýmsu playlista sem ég hef sett saman fyrir hin ýmsu tækifæri hvar sem er og til að finna nýja tónlist. Shazam er málið þegar maður heyrir tryllt lag í fyrsta sinn á djamminu og vill ekki gleyma því. Twitter og Instagram eru þeir samfélagsmiðlar sem ég nota mest og öppin eru bæði mjög þægileg. RunKeeper er algjört móst í maraþonæfingunum og heldur utan um öll fyrri hlaup og peppar þegar tíma- og vegalengdarmet eru slegin. Snapchat, því LOL, og Docs því ég er „business bitch“.

Af hverju valdir þú þau? Þau eru öll mjög framarlega í sínum geirum og hvert ómissandi í mínu daglega lífi á sinn hátt.

Hvaða app er í mestu uppáhaldi? myKegel – grindarbotnsæfingapíptest, bæði bráðfyndið og mjög skilvirkt.

Ef þú gætir búið til app, hvaða app yrði það? Ég væri til í að gera app

sem skannar strikamerki á vörum og bæri það saman við gagnagrunn og gæti sagt manni fljótt hvaða ofnæmisvaldandi efni eru í þeim, oft er erfitt að lesa innihaldslýsingar á vörum sem er algjört bögg fyrir ofnæmisþessa eins og mig.

Hvaða app ætlar þú að ná þér í næst? Úff, bara það næsta sem ég rekt á sem er girnilegt, ég er mjög hvatvís í appkaupum.

Notar þú símann þinn mikið í annað en að tala í hann? Ég nota símann minn viðbjóðslega mikið og aldrei til að tala í hann.

Hvernig síma átt þú? Iphone 6, gullitaðan, kalla hann Golden Boy.

Hvers vegna valdir þú hann? Af því hann er fallegur, þægilegur og góður. Ég er virkilega ánægð með hann.

Páll Stefáns ljósmyndari



Hvaða öpp notar þú mest? WhatsApp, HERE maps, Spotify, Lumia Storyteller, Twitter, SofaScore, the Guardian, NY-

Times, SVT, YR, Microsoft Band, Sólarupprás og sólarlag, í engri sérstakri röð.

Hvað gera þau fyrir þig? Halda mér vakandi, glöðum og gangandi.

Af hverju valdir þú þau? Ætli ég hafi ekki halað niður hátt í fimm hund-

uð öppum, hendi mörgum, nota fá.

Hvaða app er í mestu uppáhaldi? Kortafortitið HERE, the Guardian, og Spotify, sem er líklega númer eitt.

Ef þú gætir búið til app, hvaða app yrði það? Beintengingu við Flóttamannahjálp SP, sem gefur okkur rétta tölu á flóttamönnum í heiminum. Fær okkur til að hugsa.

Hvaða app ætlar þú að ná þér í næst? Held ég sé alltaf öpp tú deit.

Notar þú símann þinn mikið í annað en að tala í hann? Fyrst og fremst að vafra – og taka ljósmyndir.

Hvernig síma átt þú? Nokia Lumia 1520.

Hvers vegna valdir þú hann? Myndavélin, skjárin, stýrikerfið.

Ásgeir Vísir, apphönnuður og frumkvöðull



Hvaða öpp notar þú mest? Ætli ég noti ekki Slack og Watchbox mest, en fast á hæla þeirra kemur app sem heitir Skala.

Hvað gera þau fyrir þig? Slack er líklega besta samskiptatól sem er til, en það nýti ég nánast eingöngu vegna vinnunnar. Watchbox er líka mikill munaður því þar get ég deilt myndum og stuttum myndböndum með hópum á mjög einfaldan hátt. Að auki get ég fylgst þar með áhuga-

verðum atburðum og áhugamálum.

Skala gerir mér kleift að sjá hvað ég er að gera í tölvunni, á símanum.

Af hverju valdir þú þau? Slack er það vinnutól sem við í vinnunni kjósum að nota. Watchbox valdi ég vegna þess að ég hannaði það og bjó það til, en líka vegna þess að það er algjör snilld.

Hvaða app er í mestu uppáhaldi? Ætli ég verði ekki að segja að Brain Dots sé svona aðeins að taka yfir þessa stundina. Það er mjög einfaldur leikur þar sem leikmaður þarf að tengja saman tvo bolta með hjálp þyngdarafllins og penna.

Ef þú gætir búið til app, hvaða app yrði það? Fyndin spurning. Ég vinn við að búa til öpp. Nýjasta appið sem ég gerði var Watchbox, á undan því gerði ég leik sem hét Dusty Dots. Ef ég gæti smellt fingrum og búið til

app á augabragði myndi ég vafalaust reyna að leysa eitthvað vandamál sem ég glími sjálfur við reglulega. Mögulega eitthvað tengt því hverjir eru að fara út að skemmta sér eða langar að fara út að skemmta sér.

Hvaða app ætlar þú að ná þér í næst? Ef ég bara vissi...

Notar þú símann þinn mikið í annað en að tala í hann? Eins og fyrr segir þá nota ég símann mikið tengt vinnunni minni, þá aðallega til að vera í samskiptum við teymið mitt, en líka til að styttu mér stundir. Mér finnst mjög leiðinlegt að tala í símann og reyni að gera sem minnst af því, mínum nánustu til mikils ama.

Hvernig síma átt þú? Iphone 5C.

Hvers vegna valdir þú hann? Hann valdi mig.

Ásgeir Vísir bendir lesendum á nokkur áhugaverð öpp í viðbót sem hann mælir með þótt hann noti þau ef til vill ekki mikið sjálfur.

Meerkat - App þar sem fólk getur streymt myndböndum, beint úr símanum.

Duolingo - App til að læra nýtt tungumál.

Hyperlapse - App til að taka smooth video (frá Instagram).

Sway - Íslenskt app þar sem notendur geta skipt greiðslum sín á milli, til dæmis þegar fólk fer út að borða eða er að gefa gjöf.

Meniga - Annað íslenskt app sem einfaldar yfirsýn yfir fjármálin.

Soundhound - App sem finnur út fyrir þig hvaða lag er í útvarpinu.

Spotify - App þar sem notendur geta streymt tónlist.

Tinder - Snilld til að finna ástina.

Google Maps - Kort og leiðarvísir og algjör unaður.



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarrson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð
Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi
Karen Sævarsdóttir MBA markaðsfræði
Gunnlaugur A. Björnsson sölufulltrúi
Hjálmar Már Kristinsson sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason Eigandi Sölufulltrúi 896 5221
Ingólfur Geir Gissurarson Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali 896 5222
Heiðar Friðjónsson Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc. 693 3356
Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477



Heimir Bergmann Sölufulltrúi 630 9000
Pétur Steinar Jóhannsson Sölufulltrúi Snæfellsnes 893 4718
Ellert Róbertsson Sölufulltrúi 893 4477
G. Andri Guðlaugsson Lögræðingur Sölufulltrúi 662 2705



VALHÖLL
FASTEIGNASALA



VALHÖLL
FASTEIGNASALA
1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is

Glæsiíbúð við Brautarholt

Híbýli fasteignasala s. 585-8800 kynnir: Sérlega glæsileg 140,1 fm penthouse íbúð á 5. hæð (efstu) við Brautarholt en hæðin var byggð ofan á húsið árið 2004 og þar gerðar tvær íbúðir. Opið hús mánudaginn 20. júlí frá kl 17.00 til 17.30, Brautarholt 2, 105 Reykjavík.



Íbúðin er glæsileg í alla staði.

Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og glæsilegan hátt en hönnuður er Rut Káradóttir arkitekt.

Íbúðin skiptist þannig: Komið inn í forstofu, stórir innbyggðir skápar, flísar á gólfi úr ítölskum náttúrustein.

Hjónaherbergi, parket, þar inn af er fataherbergi með góðum innréttingum, útgengt á svalir úr hjónaherbergi.

Badherbergi, einstaklega glæsilegt og vandað, flísalagt í hólf og gólf, Philip Stark-tæki, nuddbaðkar, stór flísalagður sturtuklefi, upphengt salerni, vönduð innrétting, gluggi.

Svefnherbergi, parket á gólfi,

hægt að opna út á svalir. Stórar stofur og eldhús opið út í eitt. Innréttingar í eldhúsi eru sérsmíðaðar frá Brúnási, gaseldavél á stórri eldunareyju, stórar rennihurðir framman við innréttingu þannig að unnt er að loka henni af. Inn af eldhúsi er þvottahús með góðum innréttingum.

Stofur eru stórar og samliggjandi, arinn í setustofu. Mikil loft-hæð. Úr borðstofu er útgengt á svalir. Á gólfum er gegnheil hnota.

Berker-rafstýring á ljósum og gardinum. Allar innréttingar í íbúð sérsmíðaðar frá Brúnási.

80 fm hellulagðar svalir sem snúa í norðvestur og hásuður. Læst lyfta upp á hæðina.

Í sameign fylgir sérgeymsla ásamt sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu. Sérbílastæði í læstu porti.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Híbýla í síma 585-8800 eða hiblyi@hibyli.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Lykkja 1 - 116 Kjalarnes



